

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B120-122

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Inniheldur nýjar bls. 2321-2322 í B-deild 2003.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 120-122

Nr. 785-806

2003

Efnisyfirlit B 120–122 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
785	17. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 719/1995 um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis	2421
786	23. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 63/1994, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa	2422
787	2. okt.	Reglugerð um búfjársæðingar og flutning fósturvísa	2423-2428
788	20. okt.	Reglur um stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands	2429-2434
789	20. okt.	Reglur um starfsemi jöfnunarkerfa	2434-2440
790	8. okt.	Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Árborg	2440-2443
791	20. okt.	Auglýsing um deiliskipulag á Austur-Héraði	2443
792	20. okt.	Reglugerð um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði	2444-2452
793	31. okt.	Auglýsing um deiliskipulag í Stykkishólmi	2452
794	20. okt.	Reglugerð um brottfellingu reglugerðar nr. 655/1994 um framkvæmd almannatryggingalaga	2453
795	13. okt.	Auglýsing um deiliskipulag vinnubúða við Kárahnjúka á Norður-Héraði	2453
796	22. okt.	Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum	2453-2454
797	15. okt.	Gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur	2454-2455
798	15. okt.	Auglýsing um endurskoðað deiliskipulag frístundabyggðar – sumarhúsa- og skógræktarlóða – í landi Steðja í Hörgárbyggð	2455
799	10. okt.	Reglur um breytingu (17) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000	2456
800	9. okt.	Auglýsing um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit	2457
801	13. okt.	Auglýsing um deiliskipulag skálasvæðis við Arnarvatn stóra, Húnaþingi vestra	2457
802	17. okt.	Reglugerð um breyting á reglugerð um stjórnarsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57 5. febrúar 1992	2457
803	16. okt.	Skipulagsskrá Landbótasjóðs Norður-Héraðs	2458-2460
804	24. okt.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 637 /2002	2460-2463
805	28. okt.	Reglugerð um gerð og útbúnað smáfiskaskilju	2464-2468
806	23. okt.	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	2468

Efni	CAS-nr.	Notkunarvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir	EB tilvísunarnúmer
a	b	c	d	e	f	g
<i>Boric acid</i> borsýra	10043-35-3	a) talkúm b) vörur til munnhirðu c) aðrar vörur (undanteknar eru þaðvörur og hárlíðunarvörur)	a) 5% b) 0,1% c) 3%	a) 1. Óheimilt að nota í vörur fyrir börn yngri en þriggja ára. 2. Óheimilt að nota á erta og flagnandi húð ef að styrkur uppleystrar borsýru er meiri en 1,5%. b) 1. Óheimilt að nota í vörur fyrir börn yngri en þriggja ára. c) 1. Óheimilt að nota í vörur fyrir börn yngri en þriggja ára. 2. Óheimilt að nota á erta og flagnandi húð ef að styrkur uppleystrar borsýru er meiri en 1,5%.	a) 1. Óheimilt að nota í vörur fyrir börn yngri en þriggja ára. 2. Óheimilt að nota á erta og flagnandi húð. b) 1. Óheimilt að neyta. 2. Óheimilt að nota í vörur fyrir börn yngri en þriggja ára. c) 1. Óheimilt að nota í vörur fyrir börn yngri en þriggja ára. 2. Óheimilt að nota á erta og flagnandi húð.	1a
<i>Calcium Fluoride</i> kalsíumflúoríð	7789-75-5	vörur til munnhirðu	0,15% reiknað sem flúor ⁽¹⁾		Inniheldur kalsíumflúoríð	30
<i>Calcium Hydroxide</i> kalsíumhýdroxíð	1305-62-0	a) aflíðunarefni tvíþátta: kalsíumhýdroxíð og guanídínsalt b) pH-stýrifefni í háreyðingarvörur c) aðrar vörur, t.d. pH-stýrifefni, hjálparefni	a) 7% kalsíumhýdroxíð b) pH allt að 12,7 c) pH allt að 11		a) Inniheldur basa. Varist snertingu við augu. Getur valdið blindu. Geymist þar sem börn ná ekki til. b) Inniheldur basa. Varist snertingu við augu. Geymist þar sem börn ná ekki til.	15b
<i>Calcium Monofluorophosphate</i> kalsíummónóflúorfosfat	7789-74-4	vörur til munnhirðu	0,15% reiknað sem flúor ⁽¹⁾		Inniheldur kalsíummónóflúorfosfat	29
<i>Cetylamine Hydrofluoride</i> hexadekylammóníumflúoríð	3151-59-5	vörur til munnhirðu	0,15% reiknað sem flúor ⁽¹⁾		Inniheldur hexadekylammóníumflúoríð	36
<i>Chloramine-T</i> natríumtosýklórámíð	127-65-1		0,2%			5

Efni	CAS-nr.	Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir	EB tilvísunar-númer
a	b	c	d	e	f	g
<i>2,4-Diaminophenol</i> 2,4-diaminofenól ⁽²⁾	95-86-3	oxandi hárlitunarefni a) til almenningsnota b) til faglegra nota	10% reiknað sem basi		a) Inniheldur diamínöfenól. Varan getur valdið ofnæmi. Óheimit að nota til litunar augnhára eða augabrúna. b) Inniheldur diamínöfenól. Aðeins fyrir fagfólk. Varan getur valdið ofnæmi. Nottið viðeigandi hlífðarhanska.	10
<i>Dichloromethane</i> metylenklóríð	75-09-2		35%, ef í blöndu með 1,1,1-tríklórétani má samantagður styrkur ekki vera meiri en 35%. 0,5%	Hámarks magn sem óhreiniðni 0,2%, bannað í úðabrusa.		7
<i>Dichlorophene</i> bis(5-klór-2-hydroxyfenyli)-metan	97-23-4				Inniheldur bis(5-klór-2-hydroxyfenyli)metan	11
<i>Dimethylol Ethylene Thiourea</i> 1,3-bis(hydroxymetyli)-imidásólídín-2-þíon	15534-95-9	a) hársnyrtivörur b) naglasnyrtivörur	a) allt að 2% b) allt að 2%	a) Bannað í úðabrusa b) í fullninni vöru skal pH ≤ 4	Inniheldur 1,3-bis(hydroxymetyli)-imidásólídín-2-þíon	44
<i>Etidronic Acid</i> 1-hydroxyetylendífosfór-sýra og sölt hennar	2809-21-4	a) hársnyrtivörur b) sápa	gefið upp sem 1-hydroxy-etylendífosfór-sýra a) 1,5% b) 0,2% 0,5% díalkanólámin			53
<i>Fatty Acid Dialkanolamides</i> Fitusýrudíalkanólámíð				Óheimit að blanda saman við nitróserandi efni. Hámarksstyrkur díalkanólámins 5% fyrir hraefni. Hámarksstyrkur N-nitrósó-díalkanólámins 50 µg/kg. Geymist í lätum sem ekki innihalda nítrít.		60
<i>Formaldehyde</i> formaldehýð	50-00-0	naglaherðir	5% reiknað sem formaldehýð		Inniheldur formaldehýð ^{b)} . Verjið naglabönd með feiti eða olíu.	13
<i>Hydrogen Peroxide</i> vetnisperoxíð og önnur efna sambönd eða blöndur sem losa vetnisperoxíð, þar með talið karbamiðperoxíð og sinkperoxíð		a) hársnyrtivörur b) húðsnyrtivörur c) naglaherðir d) vörur til munnhirðu	a) 12% H ₂ O ₂ (40% v/v) bundið eða fríað b) 4% af H ₂ O ₂ bundið eða fríað c) 2% af H ₂ O ₂ bundið eða fríað d) 0,1% H ₂ O ₂ bundið eða fríað		a) Nottið viðeigandi hanska a) b) og c). Inniheldur vetnisperoxíð. Varist snertingu við augu. Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega.	12
<i>Hydroquinone</i> 1,4-dihydroxybensen	123-31-9	oxandi hárlitunarefni 1) til almenningsnota	0,3%		1) Inniheldur 1,4-dihydroxybensen. Óheimit að nota til litunar augnhára eða augabrúna. Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega.	14

STJÓRNARTÍÐINDI B 120 – 2003

17. október 2003

2421

Nr. 785

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 719/1995 um leyfi
afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis.

1. gr.

a. liður 1. mgr. 38. gr. breytist svo að á eftir orðinu „ættlingja“ komi: eða annan nákominn í fjölskyldu fanga.

2. gr.

b. liður 1. mgr. 38. gr. breytist svo að á eftir orðinu „ættlingja“ komi: eða annars nákomins í fjölskyldu fanga.

3. gr.

2. mgr. 38. gr. breytist og hljóði svo:

Með nánnum ættlingjum eða nákomnum í fjölskyldu fanga í þessu sambandi er einungis átt við: Maka, börn, foreldra, systkin, föður- eða móðurforeldra, tengdaforeldra, barnabörn, svo og föður- eða móðursystkin eða börn þeirra.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 36. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48 19. maí 1988, sbr. lög nr. 123 15. desember 1997, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. október 2003.

Björn Bjarnason.

Anna Sigríður Arnardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 121 – 2003

Nr. 786

2422

23. október 2003

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 63/1994, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þeir sem í atvinnuskyni hafa með höndum reglubundna fólksflutninga milli landa geta sótt um frjálsa skráningu til skattstjóra. Heimild til skráningar samkvæmt reglugerð þessari nær til flugfélaga, skipafélaga og annarra sem halda uppi reglubundnum fólksflutningum á milli landa. Með reglubundnum fólksflutningum er átt við flug og siglingar með farþega gegn gjaldi samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun um fastar og tíðar ferðir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 23. október 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

REGLUGERÐ

um búfjársæðingar og flutning fósturvísa.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið o.fl.

Reglugerð þessi tekur til sæðinga og fósturvísaflutninga búfjár, þ.e. nautgripa, sauðfjár, geita, svína, hrossa, loðdýra og alifugla. Bændasamtök Íslands hafa yfirumsjón með starfrækslu sæðingastöðva og kynbótastarfsemi þeirra í samvinnu við yfirdýralækni.

2. gr.

Orðskýringar.

1. *Fósturvísastöð* er aðstaða þar sem söfnun og meðhöndlun fósturvísa fer fram.
2. *Fósturvísir* er frjóvgað egg eða fóstur á frumstigi.
3. *Smitsjúkdómur* er sjúkdómur eða smit sem beint eða óbeint getur borist frá einu dýri til annars eða milli manna og dýra.
4. *Sæðingastöð* er aðstaða sem yfirdýralæknir hefur viðurkennt, þar sem söfnun og meðhöndlun sæðis til dreifingar fer fram.

3. gr.

Sæðingastöðvar.

Hver sá sem hefur í hyggju að setja á stofn sæðingastöð eða fósturvísastöð til dreifingar á sæði eða fósturvísnum skal sækja um leyfi til þess til landbúnaðarráðuneytisins. Með umsókninni skulu fylgja upplýsingar um fyrirhugaða tilhögun starfseminnar, útbúnað og starfssvæði stöðvarinnar.

Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til starfrækslu stöðvarinnar að fengnum meðmælum yfirdýralæknis og Bændasamtaka Íslands. Hver sæðingastöð skal fá sérstakt númer eða númer auk nafns.

Óheimilt er að dreifa sæði nema frá viðurkenndri sæðingastöð.

Sæðistaka og sæðingar í annari aðstöðu en á viðurkenndri sæðingastöð er eingöngu heimil í þeim tilvikum þegar um sæðingar innan bús er að ræða, nema öðruvísi sé mælt fyrir í reglugerð þessari.

Þær sæðinga- og fósturvísastöðvar sem njóta framlaga skv. búnaðarlagasamningi skulu senda Bændasamtökum Íslands árlega skýrslu um kynbótastarfsemina.

4. gr.

Útbúnaður og umgengni.

Óviðkomandi umferð um sæðingastöð er bönnuð.

Til að koma í veg fyrir að smit berist inn á sæðingastöð er óheimilt að ganga beint inn á stöðina nema samgangur sé rofinn á milli ytra og innra umhverfis. Öll húsakynni á sæð-

ingastöð skulu vera björt og rúmgóð og allar innréttingar, veggir, gólf, dyra- og gluggabúnaður þannig að auðvelt sé að þrifa það og sóttþreinsa. Þar þarf einnig að vera nægilegt heitt og kalt vatn og nauðsynleg hreinlætisaðstaða.

Sérstakan skó- og hlífðarfatnað skal nota við hirðingu gripa og sæðistöku og skal samgangur rofinn annars vegar á milli gripahúsa, fóðurgeymslna og sæðistökuherbergis, þar sem það á við, og hins vegar vinnuherbergis fyrir sæðismeðferð. Ávallt skal þvo og sóttþreinsa hendur áður en unnið er með sæði í vinnuherbergi fyrir sæðismeðferð. Þeir sem sæða búfé skulu klæðast hentugum, hreinum hlífðarfatnaði og skófatnaði sem auðvelt er að þrifa og sóttþreinsa. Þeir skulu vinna störf sín eins hreinlega og frekast er kostur og halda áhöldum og útbúnaði ávallt hreinum.

Hlífðarfatnað sem notaður er á sæðingastöð má ekki nota utan hennar. Gólf, þar sem sæðistaka fer fram, skulu vera óskreipt.

Vinnuherbergi þar sem fram fer rannsókn á sæði og pökkun skal vera hæfilega upphitað. Á stöðinni skal vera kæligeymsla, tæki til sóttþreinsunar og dauðþreinsunar, smásjá, handlaug og annar búnaður sem nauðsynlegur er. Öll áhöld sem notuð eru til sæðistöku, blöndunar, pökkunar og sæðinga skulu vera af vandaðri gerð, þannig að auðvelt sé að þrifa þau og sóttþreinsa.

Umhverfi bygginga skal vera þurr og þrífalegt. Girðingar og réttir skulu vera gripaheldar og þannig úr garði gerðar að gripir stöðvarinnar fari ekki um þann hluta svæðisins sem almenn umferð til stöðvarinnar fer um.

5. gr.

Starfsfólk sæðingastöðva.

Á sæðingastöð skal a.m.k starfa einn starfsmaður sem hefur staðgóða þekkingu á öllu er lýtur að sæðistöku, sæðisgæðum, þynningu og pökkun sæðis og smitgát.

Óheimilt er að ráða starfsmann á sæðingastöð ef rök hníga að því að hætta geti verið á smitburði inn á stöðina með ráðningu hans að mati yfirdýralæknis.

6. gr.

Kynbótagripir.

Allir kynbótagripir, sem notaðir eru á sæðingastöðvum, skulu vera viðurkenndir af viðkomandi búfjárræktarráðunaut Bændasamtaka Íslands og/eða viðkomandi fagráði.

Heimilt er að taka inn á sæðingastöð gripi til einblendingsræktar vegna sérstakra eiginleika. Allir gripir á sæðingastöðvum skulu merktir með viðurkenndum einstaklingsmerkjum. Óheimilt er að nota til sæðistöku og kynbóta gripi með erfðagalla, s.s eistna-, tann- og bitgalla.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit.

Aðeins er heimilt að nota heilbrigða gripi til sæðistöku.

Færa skal dagbók um öll dagleg störf á sæðingastöð. Allar upplýsingar um gripi á sæðingastöð skal skrá á tölvutækt form. Skrá skal upplýsingar um ætt og uppruna gripa, auk þess upplýsingar er varða heilsufar, heilbrigðissskoðun, sýnatökur, bólusetningar og meðhöndlun. Upplýsingar skal skrá frá því að gripur kemur fyrst á stöð og þar til hann er felldur.

Ekki má leiða undir gripi þann tíma sem þeir eru notaðir til sæðistöku.

Yfirdýrlæknir getur bannað, vegna sjúkdómavarna, annað búfé á sæðingastöð en það sem notað er við sæðistöku. Ítarleg heilbrigðissskoðun á gripunum, einkum er tekur til getnaðarfæra, skal fara fram áður en þeir eru teknir inn á sæðingastöð. Jafnframt skal kanna heilbrigði búfjár á þeim stöðum þar sem gripurinn hefur verið.

Ætíð skal láta einangra aðflutta gripi áður en þeir eru teknir inn á sæðingastöðvar þar til heilbrigði þeirra hefur verið kannað.

Gelti frá einangrunarstöð þarf ekki að einangra nema yfirdýralæknir krefjist þess.

Sæðingastöðvum er skylt að láta fara fram eftirlit með búnaði og heilbrigði alls búfjár á stöðinni minnst einu sinni á ári eða oftar ef yfirdýralæknir óskar þess. Eftirlitið skal framkvæmt af héraðsdýralækni eða öðrum dýralækni, sem yfirdýralæknir samþykkir. Stöðin leggur dýralækninum til hlífðarfatnað, nauðsynlega aðstoð og þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Veikist gripur á sæðingastöð skal þegar í stað hafa samband við héraðsdýralækni og er óheimilt að nota gripinn til sæðinga fyrr en hann gefur leyfi til þess. Héraðsdýralæknir getur, ef nauðsynlegt þykir, krafist þess að sýktir gripir verði felldir, til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóms eða þegar sterkar líkur eru á að gripurinn nái ekki bata. Sérstök rannsókn skal fara fram á öllum gripum sem felldir eru vegna sjúkdóma.

Yfirdýralæknir ákveður hvað telst fullnægjandi einangrun gripa í hverju tilviki samkvæmt reglugerð þessari.

Komi upp smitsjúkdómur eða rökstuddur grunur um smitsjúkdóm skal fara eftir ákvæðum laga um dýrasjúkdóma nr. 25/1993, ásamt síðari breytingum og reglugerð um viðbrögð við smitsjúkdómum nr. 665/2001.

8. gr.

Sæðistaka.

Halda skal skýrslu um sæðistöku, gæði og magn sæðis og afdrif allra sæðisskammta, hvort sem þeir eru notaðir til sæðinga eða er eytt. Þess skal gætt að sæði sé pakkað og merkt númeri sæðisgjafa og fram komi hvar og hvenær sæðið var tekið. Halda skal nákvæma skrá yfir pökkun, merkingar og birgðir djúpfrysts sæðis.

Um flutning sæðis milli landa gilda ákvæði laga um innflutning dýra nr. 54/1990, með síðari breytingum.

9. gr.

Námskeið o.fl.

Bændasamtök Íslands halda námskeið fyrir sæðingamenn og gefa að því loknu, og að fenginni staðfestingu yfirdýralæknis, út viðurkenningu á því að þeir hafi lokið námskeiðinu með fullnægjandi hætti.

Þeir sem sæða búfé skulu halda dagbók um störf sín samkvæmt nánari fyrirmælum ráðunauta Bændasamtaka Íslands í búfjárrækt, þannig að fram komi upplýsingar um afdrif sæðisins og hvernig heldur við hverju karldýri.

II. KAFLI

Sérákvæði um búfjártegundir.

10. gr.

Nautgripir.

Naut sem flytja á inn á sæðingastöð skulu flutt yngri en tveggja mánaða í sérstaka ungkálfaeinangrun í viðurkenndri nautaupveldisstöð að fengnu samþykki yfirdýralæknis.

Ekki er heimilt að flytja kálfa úr ungdálfaeinangrun fyrr en að undangenginni heilbrigðissskoðun og að fengnu samþykki héraðsdýralæknis eða annars dýralæknis sem yfirdýralæknir samþykkir.

Naut skulu höfð í einangrun í nautaupveldisstöð í a.m.k. sex mánuði og eigi flutt þaðan á nautastöð fyrr en farið hefur fram ítarleg heilbrigðissskoðun héraðsdýralæknis eða annars

dýralæknis sem yfirdýralæknir samþykkir. Aður en naut eru flutt inn á sæðingastöð skulu liggja fyrir niðurstöður úr þeim rannsóknum sem fyrirskipaðar eru á hverjum tíma.

11. gr.

Sauðfé og geitfé.

Hrúta sem flytja á inn á sæðingastöð skal velja eigi síðar en 15. júní ár hvert. Leitað skal samþykkis yfirdýralæknis fyrir flutningi þeirra. Þá skal liggja fyrir að fullorðnir hrútar hafi eðlilega frjósemi. Hrúta sem ákveðið hefur verið að taka inn á sæðingastöð skal hafa í sérstöku beitarhólfi frá og með 1. ágúst þangað til þeir eru teknir á hús að hausti og þeir skoðaðir af héraðsdýralækni, eða öðrum dýralækni sem yfirdýralæknir samþykkir. Ekki er heimilt að halda undir hrúta á sæðingastöð nema eftir að sæðistöku líkur ár hvert.

Umbúnaður beitarhólfa fyrir hrúta og ær á sæðingastöð skal vera þannig að annað búfé komist ekki inn í þau og þess gætt að sauðféð komist ekki í snertingu við annað búfé. Heimilt er að flytja hrúta á milli sæðingastöðva með samþykki yfirdýralæknis og eftir fyrirsögn hans.

Heimilt er að hafa ær á hrútasköð til að standa undir við sæðistöku. Skulu sömu reglur gilda um ærnar og hrútana þegar þær eru teknar inn á stöð. Forstöðumaður sæðingastöðvar skal sjá til þess að ætíð sé eðlilegur fjöldi áa á stöðinni og að ekki þurfi að taka inn ær fyrirvaralaust um fengitíð.

Þeim er skipuleggja sauðfjársæðingar ber að tilkynna héraðsdýralæknum hverjir hafa verið ráðnir til sauðfjársæðinga haust hvert og á hvaða svæði þeir sæða. Héraðsdýralækni ber að tilkynna sauðfjársæðingamönnum ef sérstakir sjúkdómar, sem ber að varast, eru á sæðingasvæðinu.

Um sæðingar á bæjum, þar sem komið hafa upp alvarlegir smitsjúkdómar svo sem riða, skal farið eftir þeim reglum sem yfirdýralæknir setur hverju sinni.

Yfirdýralæknir setur nánari reglum um heilbrigðisefirlit, flutning hrúta á sæðingastöð, sýnatöku og bólusetningar svo sem við á hverju sinni. Samþykki yfirdýralæknis þarf til flutnings hrútasæðis á milli varnarhólfa.

Ær sem á að sæða skulu vera auðkenndar tryggilega með viðurkenndum plötumerkjum og skulu sauðfjársæðingamenn færa dagbók í samræmi við 9. gr. þessarar reglugerðar.

Um geitasæðingastöðvar og geitasæðingar skal farið eftir sömu reglum og um sauðfjársæðingar.

12. gr.

Svín.

Geltir skulu fluttir inn á sæðingastöð að undangenginni heilbrigðissskoðun héraðsdýralæknis, eða annars dýralæknis sem yfirdýralæknir samþykkir. Tekið skal tillit til heilsufars annarra svína í upprunahjörð við val á göltum. Geltir sem teknir eru inn á sæðingastöð skulu ekki vera yngri en 4 vikna né eldri en níu mánaða og má ekki hafa verið haldið undir þá.

Á sæðingastöðinni skulu geltirnir hafðir í sérstakri einangrun, ef yfirdýralæknir metur það nauðsynlegt, í a.m.k. 2 – 8 vikur áður en þeir eru teknir í notkun á stöðinni.

Aðskilnaður skal vera á milli einangrunaraðstöðu og annarrar aðstöðu. Sérstakur skó og hlífðarfatnaður skal notaður í einangrunaraðstöðu.

Gyltur og grísir á sæðingastöð skulu hafa sömu heilbrigðisstöðu og geltirnir, að því er sæðingar varðar. Önnur dýr er ekki heimilt að hafa á sæðingastöð.

Skipuleggjendum svínasæðinga ber að tilkynna yfirdýralækni hverjir hafa verið ráðnir til svínasæðinga og á hvaða búum. Yfirdýralækni ber að tilkynna svínasæðingamönnum ef sérstakir sjúkdómar, sem ber að varast, eru á sæðingasvæðinu.

13. gr.

Hross.

Allir stóðhestar sem teknir eru inn á sæðingastöð skulu vera skráðir á fullnægjandi hátt í skýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og valdir í samræmi við ákvæði 6. gr. þessarar reglugerðar. Einnig skulu þeir blóðflokkaðir og örmerktir. Eigi er heimilt að flytja stóðhest á sæðingastöð nema að undangenginni heilbrigðisskoðun héraðsdýralæknis eða annars dýralæknis sem yfirdýralæknir samþykkir.

Óheimilt er að halda undir stóðhest síðustu 30 dagana áður en hann er tekinn á sæðingastöðina. Héraðsdýralæknir eða annar dýralæknir sem yfirdýralæknir samþykkir skal heilbrigðisskoða hryssur sem notaðar eru við sæðistöku áður en hún hefst. Sæðingahryssur skulu frost- eða örmerktar og sæðingar skulu skráðar í samræmi við ákvæði 8. gr. þessarar reglugerðar.

14. gr.

Loðdýr og kanínur.

Loðdýrabú sem afhenda sæði skulu hafa sérstakt herbergi til sæðistöku og blöndunar, sbr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

Áður en fengitíð hefst skal héraðsdýralæknir eða annar dýralæknir sem yfirdýralæknir samþykkir rannsaka heilbrigði dýra á búinu og taka þau sýni sem krafist er hverju sinni. Þá skal liggja fyrir skrá yfir þau dýr sem notuð verða við sæðistöku og skal dýralæknir skoða þau sérstaklega.

Á búum sem karldýr koma frá má ekki hafa orðið vart smitnæmra sjúkdóma síðustu 6 mánuðina. Þá er óheimilt að nota karldýr sem sæðisgjafa á sæðingastöð ef leitt hefur verið undir þau sama ár.

Óheimilt er að hleypa hundum og köttum inn á loðdýrabú þar sem sæðingastöð er til húsa.

Forstöðumaður sæðingastöðvar ber ábyrgð á því að eingöngu séu notuð viðurkennd dýr til sæðistöku og skal afla tilskilinna leyfa áður en sæðing hefst. Hann ber ábyrgð á að halda til haga upplýsingum um afdrif sæðisins.

Á sæðingastöð skal vera aðskilin aðstaða þar sem sæðing aðkomudýra fer fram. Aðeins er heimilt að færa til sæðingar læður frá búum þar sem ekki hefur orðið vart smitnæmra sjúkdóma síðustu 6 mánuðina. Bú þar sem slíkra sjúkdóma hefur orðið vart síðustu 6 mánuðina geta sótt um leyfi til sæðinga skv. sérstökum reglum sem yfirdýralæknir setur.

Sæða má læður frá sama búi án þess að sóttthreinsun á sæðingabekk fari fram á milli einstakra dýra. Áður en læður frá öðru búi eru sæddar skal þrifa sæðingabekkinn vandlega og sóttthreinsa. Í lok hvers vinnudags skal þrifa rækilega og sóttthreinsa áhöld, biðstofu, sæðistöku- og sæðingaherbergi, sæðingabekki og vinnuborð.

Um kanínusæðingastöðvar og kanínusæðingar skal farið eftir sömu reglum og um loðdýrasæðingar.

15. gr.

Alifuglar.

Heimilt er að sæða hænur með sæði úr hönum á sama alifuglabúi.

Yfirdýralækni er heimilt að veita leyfi til flutnings á sæði úr alifuglum á milli búa ef skilyrði um starfsleyfi í reglugerð nr. 251/1995 eru uppfyllt.

Sérstakur aðili skal vera á búinu sem ber ábyrgð á sæðistöku, meðferð sæðis og sæðingum og heldur skrá yfir sæðingar og árangur þeirra.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.
16. gr.

Flutningur fósturvísa.

Flutningur fósturvísa á milli búa skal lúta sömu reglum og flutningur lifandi dýra samkvæmt gildandi reglum um varnir gegn dýrasjúkdómum. Aðeins er heimilt að flytja fósturvísa úr heilbrigðum dýrum á milli búa. Yfirdýralækni er heimilt að víkja frá þessum reglum séu aðstæður þannig að fósturvísaflutningur sé talinn hættuminni en flutningur lifandi dýra.

Fósturmæður skulu vera heilbrigðar og hraustar og svo stórar að tryggt sé að þær geti borið fósturafkvæmum sínum eðlilega.

Taka, meðhöndlun og innlögn fósturvísa skal vera undir umsjón dýralæknis sem hlotið hefur viðurkenningu yfirdýralæknis til starfans. Hann skal einnig hafa umsjón með fósturvísu sem geymdir eru í frysti og halda skýrslur um þá á hverjum tíma.

Efni og tæki til fósturvísaflutnings skulu vera af viðurkenndum gæðum og skulu ekki geta borið með sér smitefni. Blóðvatn sem notað er við fósturvísaflutning skal vera úr heilbrigðum dýrum frá búum þar sem ekki hafa komið upp tilkynningaskyldir sjúkdómar sbr. lög um dýrasjúkdóma og varnir við þeim nr. 25/1993 með síðari breytingum.

Óheimilt er að leggja inn í leg kvendýra fósturvísa sem hafa verið frjóvgaðir í tilraunaglassi („in vitro“), kyngreindir, skipt eða einræktaðir. Þó er yfirdýralækni heimilt að leyfa slíkar aðgerðir í afmörkuðum tilraunum sem sótt er um leyfi fyrir í hverju tilviki.

17. gr.

Undanþágur.

Yfirdýralæknir getur í ákveðnum tilvikum, við sérstakar aðstæður, veitt tímabundna undanþágu frá 3. mgr. 3. gr. og þeim kröfum sem til aðstöðu við sæðistöku og dreifingu eru gerðar skv. þessari reglugerð. Sækja skal skriflega fyrirfram um undanþáguna til yfirdýralæknis, þar sem fram komi rökstuðningur fyrir beiðninni.

18. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búnaðarlögum nr. 70/1998, 15. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 og lögum um innflutning dýra nr. 54/1990 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjársæðingar nr. 561/1994.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. október 2003.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUR

um stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Skilgreining hugtaka.

Greiðslukerfi: Formlegt fyrirkomulag þriggja eða fleiri þátttakenda sem byggist á sam-eiginlegum reglum og stöðluðu fyrirkomulagi við framkvæmd greiðslufyrirmæla milli þeirra, enda hafi a.m.k. einn þátttakendanna aðalskrifstofu sína hér á landi, og greiðslukerfið full-nægir þeim kröfum sem gerðar eru og það hefur verið viðurkennt og tilkynnt í samræmi við lög nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

Heimild: Heimild þátttakanda til að mæta sveiflum innan dags í neikvæðri stöðu á stór-greiðslureikningi, að tilteknu hámarki, fram til þess tíma er reikningurinn er gerður upp og skuldastöðu eytt í lok hvers viðskiptadags.

Jöfnunarkerfi: Greiðslukerfi sem tekur við beiðnum frá þátttakendum um framkvæmd fyrirmæla um greiðslur frá einum þátttakanda til annars innan kerfisins. Greiðslukerfið jafnar greiðslur, þ.e. umbreytir mörgum kröfum eða skuldbindingum í eina (nettó)kröfu eða (nettó)skuldbindingu um greiðslu eða greiðsluskyldu þátttakenda.

Jöfnunarreikningur: Reikningur þátttakanda í jöfnunarkerfi sem hann notar við stýringu jöfnunarstöðu gagnvart öðrum þátttakanda.

Stórgreiðslukerfi: Greiðslukerfi Seðlabanka Íslands sem vinnur úr greiðslufyrirmælum þannig að greiðsla er því aðeins færð út af uppgjorsreikningi greiðanda og inn á uppgjors-reikning móttakanda að næg innstæða sé á reikningi greiðanda eða næg heimild sem samið hefur verið um og tryggð er með fullnægjandi hætti. Greiðsluuppgjör fer fram um leið og greiðsla er færð út af uppgjorsreikningi greiðanda og inn á uppgjorsreikning móttakanda greiðslu (rauntímabruúttóuppgjör).

Stórgreiðslureikningur: Viðskipta- og uppgjorsreikningur þátttakanda í stórgreiðslukerfi.

Uppgjorsreikningur: Stórgreiðslureikningur sem notaður er við uppgjör í greiðslukerfi eða verðbréfauppgjorskerfi.

Verðbréfauppgjorskerfi: Kerfi sem staðfestir viðskiptaskilmála vegna verðbréfavíðskipta, reiknar út og ákvarðar réttindi og skyldur vegna viðskiptanna, gerir upp viðskiptin og annast vörslu verðbréfa.

2. gr.

Þátttakendur.

Seðlabanki Íslands tekur ákvörðun um samþykkt nýrra þátttakenda að stórgreiðslukerfi- nu og útilokun á þátttöku aðila sem fyrir eru í kerfinu.

Þátttakendur í stórgreiðslukerfinu geta verið stofnanir, sbr. 2. tl. 2. gr. laga nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, enda uppfylli þær að öðru leyti þátttökuskil- yrði skv. 3. gr. þessara reglna.

Um réttindi og skyldur annarra þátttakenda, þ.e. milligönguaðila, uppgjorsaðila og greiðslujöfnunarstöðva, fer eftir lögum nr. 90/1999 og 2. og 3. gr. þessara reglna eftir því sem við á.

Nú uppfyllir þátttakandi ekki lengur skilyrði skv. 2. og 3. gr. og getur Seðlabanki Íslands þá synjað honum, án fyrirvara eða tilkynningar, um frekari þátttöku í stórgreiðslukerfinu eða sett honum sérstök skilyrði fyrir frekari þátttöku. Sama á við ef þátttakandi brýtur reglur þessar.

3. gr.

Þáttökuskilyrði.

Auk skilyrða skv. 2. gr. skulu þátttakendur uppfylla eftirtalin skilyrði fyrir þátttöku í stórgreiðslukerfinu:

- a. lúta opinberu eftirliti fjármálaeftirlitsyfirvalds á Evrópska efnahagssvæðinu,
- b. uppfylla kröfur viðkomandi eftirlitsstofnunar, m.a. að því er varðar eiginfjárlutfall og lausafjárlutfall,
- c. hafa yfir að ráða nauðsynlegum tæknibúnaði vegna þátttökunnar,
- d. hafa yfir að ráða nauðsynlegri stjórnunarlegri getu og tækniþekkingu starfsmanna vegna þátttökunnar,
- e. hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við þátttöku í kerfinu,
- f. hafa samið um og lagt fram fullnægjandi uppgjörstryggingar í Seðlabanka Íslands,
- g. hafa greitt eða samið um greiðslu eðlilegs þátttökugjalds.

Ákvæði a.-, b.-, f.- og g.- liða 1. mgr. eiga ekki við um Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Fjárhæð greiðslna (stórgreiðslumörk).

Greiðslufyrirmæli að fjárhæð 10 milljónir króna eða hærri fjárhæð falla undir stórgreiðslukerfið. Greiðslufyrirmæli undir 10 milljónum króna falla undir jöfnunarkerfi. Færslur vegna uppgjörs í jöfnunarkerfi og verðbréfauppgjörskerfi falla þó undir stórgreiðslukerfið án tillits til fjárhæðar.

Seðlabanki Íslands getur ákveðið að höfðu samráði við stjórn annarra greiðslukerfa að tiltekna greiðslur sem eru lægri en stórgreiðslumörk skv. 1. mgr. falli undir stórgreiðslukerfið.

Óheimilt er að skipta niður greiðslufyrirmælum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að þau falli undir stórgreiðslukerfið.

5. gr.

Viðurkenning á stórgreiðslukerfinu.

Um viðurkenningu á stórgreiðslukerfinu fer eftir lögum nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

6. gr.

Starfrækslutími stórgreiðslukerfis.

Stórgreiðslukerfið skal starfrækt frá kl. 9.00 til kl. 17.00 á almennum bankadögum.

Eftirfarandi á við um notkun stórgreiðslukerfisins utan almenns starfrækslutíma þess:

- a. Frá kl. 8.45 til kl. 9.00 á almennum bankadögum skal afgreiða greiðslufyrirmæli vegna uppgjörs verðbréfavíðskipta. Skal afgreiðsla þeirra hafa forgang gagnvart afgreiðslu annarra greiðslufyrirmæla. Takist ekki að ljúka afgreiðslu greiðslufyrirmæla vegna uppgjörs verðbréfavíðskipta fyrir kl. 9.00 getur Seðlabanki Íslands frestað afgreiðslu annarra greiðslufyrirmæla þar til gengið hefur verið frá uppgjöri fyrrnefndu greiðslufyrirmælanna.
- b. Frá kl. 17.00 til kl. 17.30 á almennum bankadögum geta þátttakendur notað stórgreiðslukerfið til þess að ganga innbyrðis frá greiðsluuppgjöri og eyða skuldastöðu í stórgreiðslukerfinu. Á þessum tíma skal stórgreiðslukerfið vera lokað fyrir afgreiðslu greiðslufyrirmæla er varða víðskiptamenn þátttakenda.
- c. Við sérstakar aðstæður getur Seðlabankinn opnað stórgreiðslukerfið utan almenns starfrækslutíma þess.

d. Seðlabankinn ákveður starfrækslutíma stórgreiðslukerfisins á gamlársdag og öðrum dögum þegar bankakerfið er starfrækt hluta úr degi.

Við sérstakar aðstæður getur Seðlabankinn lokað stórgreiðslukerfinu.

7. gr.

Greiðslufyrirmæli.

Greiðslufyrirmæli í stórgreiðslukerfinu teljast þau fyrirmæli þátttakanda, sem kerfið hefur móttakið og staðfest, að tilgreindum móttakanda séu afhentir fjármunir með því að leggja með reikningsfærslu tiltekna fjárhæð inn á reikning lánastofnunar, seðlabanka eða uppgjörsaðila, eða skuldbinda hann eða leysa hann undan skyldu til að inna af hendi greiðslu eins og það hugtak er skilgreint skv. almennum lögskýringum.

Stórgreiðslukerfið skal skrá og varðveita nafn, heimilisfang og reikning greiðanda.

8. gr.

Beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla.

Beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla berst stórgreiðslukerfinu í gegnum rafræna tengingu þátttakanda við kerfið.

9. gr.

Tímamark greiðslufyrirmæla.

Greiðslufyrirmæli teljast komin til stórgreiðslukerfisins þegar það hefur staðfest með sannanlegum hætti að endanlegt uppgjör hafi farið fram á viðkomandi greiðslufyrirmælum. Halda skal nákvæma tímaskrá yfir endanlegt uppgjör.

10. gr.

Réttaráhrif staðfestingar á móttöku greiðslufyrirmæla.

Eftir að móttaka greiðslufyrirmæla hefur verið staðfest skv. 9. gr. teljast fyrirmælin bindandi gagnvart þriðja manni og er afturköllun þeirra óheimil eftir það tímamark.

Um réttaráhrif gjaldþrotaskipta þátttakanda fer samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti, nú lögum nr. 21/1991, og lögum um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, nú lögum nr. 90/1999.

11. gr.

Heimild.

Þátttakandi skal gera skriflegan samning við Seðlabanka Íslands um heimild í stórgreiðslukerfinu sem nægir þátttakandanum til að mæta sveiflum innan dags í neikvæðri stöðu á stórgreiðslureikningi sínum fram til þess tíma er reikningurinn er gerður upp og skulda-stöðu eytt í lok hvers viðskiptadags. Seðlabankinn gerir tillögu um fjárhæð heimildarinnar með hliðsjón af sveiflum í stöðu viðkomandi þátttakanda síðastliðna 12 mánuði. Skal þess gætt að viðkomandi þátttakandi hafi ávallt svigrúm til að mæta óvæntum sveiflum í greiðslu-stöðu.

Skilyrði heimildar er að viðkomandi þátttakandi leggi fram tryggingu í samræmi við fjárhæð heimildarinnar, sbr. 14. gr.

Þátttakanda er óheimilt að fara út fyrir umsamda heimild.

12. gr.

Breyting á fjárhæð heimildar.

Seðlabanki Íslands endurmetur fjárhæð heimildar hvers þátttakanda í apríl og október ár hvert með hliðsjón af sveiflum í stöðu viðkomandi þátttakanda síðastliðna 12 mánuði. Seðlabankinn getur krafist tíðara endurmats heimildar.

Við endurmat heimildar skal þess gætt að viðkomandi þátttakandi hafi ávallt svigrúm til að mæta óvæntum sveiflum í greiðslustöðu. Hafi þátttakandi ítrekað fullnýtt heimild sína er honum skylt að hækka hana eða semja við Seðlabankann um greiðslu viðurlaga í formi dagvaxta af þeirri fjárhæð sem fer fram úr heimild innan dags.

Þátttakandi getur óskað eftir breytingu á heimild gegn því skilyrði að tryggingar skv. 14. gr. verði í samræmi við hina breyttu fjárhæð heimildarinnar.

13. gr.

Höfnun beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla.

Berist stórgreiðslukerfinu beiðni um uppgjör greiðslufyrirmæla sem myndu, ef þau yrðu gerð upp, leiða til þess að viðkomandi þátttakandi færi út fyrir heimild sína, er greiðslukerfinu skylt að hafna slíkri beiðni og tilkynna það viðkomandi þátttakendum.

Seðlabanki Íslands getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

14. gr.

Uppgjörstryggingar.

Þátttakandi skal leggja fram nægar tryggingar fyrir uppgjöri á greiðslustöðu í stórgreiðslukerfinu og skal gerður skriflegur samningur þar að lútandi við Seðlabanka Íslands.

Fjárhæð tryggingarinnar skal eigi vera lægri en fjárhæð heimildar viðkomandi þátttakanda, sbr. 11. gr.

Seðlabanki Íslands metur og samþykkir tryggingar. Uppgjörstryggingar skulu vera í formi verðbréfa sem hæf eru í endurhverfum viðskiptum Seðlabankans, sbr. reglur þar að lútandi, nú reglur nr. 385 frá 29. maí 2002 um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands. Uppgjörstryggingar geta jafnframt verið í formi reiðufjár á tryggingareikningi þátttakanda í Seðlabankanum. Seðlabankinn setur nánari skilyrði fyrir notkun reikningsins í samningi þar að lútandi.

15. gr.

Heimild til ráðstöfunar við uppgjörsvanefnd.

Við vanefnd þátttakanda á uppgjörsskuldbindingum í stórgreiðslukerfinu getur Seðlabanki Íslands innleyst veðsett verðbréf og/eða nýtt reiðufé á tryggingareikningi og ráðstafað, án fyrirvara eða tilkynningar, til að ljúka uppgjöri og eyða skuldastöðu í kerfinu.

Nái samningur um heimild og uppgjörstryggingu bæði til stórgreiðslukerfis og jöfnunarkerfis skulu tryggingahlutar fyrir hvort greiðslukerfi ekki vera aðgreindir á tryggingareikningi eða í því safni verðbréfa sem viðkomandi þátttakandi hefur veðsett til tryggingar uppgjöri. Við uppgjörsvanefnd getur Seðlabankinn gengið að tryggingum til að ljúka uppgjöri og eyða skuldstöðu án tillits til þess um hvorn tryggingahlutann er að ræða.

16. gr.

Kröfur um tæknilega búnað.

Þátttakendur skulu hafa yfir að ráða þeim tæknilega búnaði sem Seðlabanki Íslands skilgreinir á hverjum tíma.

17. gr.

Eftirlitskerfi með áhættu.

Þátttakendur skulu á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við notkun stórgreiðslukerfisins og annarra greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfa sem þeir eru þátttakendur í.

18. gr.

Kynning á starfsemi stórgreiðslukerfisins.

Pátttakendur skulu sjá til þess að starfsmenn sínir hljóti nægilega fræðslu og þjálfun í notkun stórgreiðslukerfisins.

19. gr.

Vöktun greiðslustöðu.

Hverjum pátttakanda er skylt að fylgjast með greiðslustöðu sinni í stórgreiðslukerfinu í því skyni að koma tímanlega í veg fyrir höfnun beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla. Hver pátttakandi skal hafa yfir að ráða tæknibúnaði er auðveldi vöktun greiðslustöðu.

20. gr.

Viðbrögð vegna greiðslustöðu.

Pátttakanda ber að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að koma í veg fyrir að hámarki heimildar sé náð.

21. gr.

Viðbúnaðaráætlun pátttakanda.

Hver pátttakandi skal þróa viðbúnaðaráætlun þar sem gerð er grein fyrir eigin viðbrögðum við áföllum í starfsemi stórgreiðslukerfisins.

22. gr.

Viðbúnaðaráætlun Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands skal þróa viðbúnaðaráætlun þar sem gerð er grein fyrir viðbrögðum við áföllum í starfsemi stórgreiðslukerfisins.

23. gr.

Gjaldskrá.

Seðlabanki Íslands getur sett pátttakendum gjaldskrá vegna rekstrar og starfsemi stórgreiðslukerfisins. Gjaldskráin skal vera aðgengileg.

24. gr.

Eftirlit.

Seðlabanki Íslands annast kerfislægt eftirlit (e. oversight) með starfsemi stórgreiðslukerfisins að því er varðar öryggi þess, skilvirkni og hagkvæmni. Fjármálaeftirlitið annast eftirlit (e. supervision) með framkvæmd einstakra pátttakenda á reglum þessum.

25. gr.

Upplýsingagiöf.

Pátttakendur skulu veita Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu allar umbeðnar upplýsingar varðandi framkvæmd þessara reglna og tilkynna þeim um öll mikilsverð tilvik sem kunna að raska eða hafa raskað starfsemi kerfisins.

Pátttakendur skulu upplýsa hvern þann, sem þess óskar og hefur lögmatra hagsmuna að gæta, um að þeir taki þátt í stórgreiðslukerfinu.

Seðlabankinn auglýsir í Lögbirtingablaðinu hverjir eru pátttakendur í stórgreiðslukerfinu. Auglýsa skal að nýju ef breytingar verða á þátttöku.

26. gr.

Verklagsreglur.

Seðlabanki Íslands getur sett verklagsreglur þar sem nánar er kveðið á um starfsemi kerfisins, þátttökuskilyrði, útilokun þátttöku, kröfur um tæknibúnað, framkvæmd greiðslufyrirmæla og viðbúnaðaráætlun.

27. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 38. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, taka gildi 1. nóvember 2003. Á sama tíma falla úr gildi reglur um aðgang að uppgjörstreikningum í Seðlabanka Íslands nr. 951 frá 29. desember 2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 14. gr. skal þátttakendum heimilt, fram til 1. janúar 2004, að nýta innstæðu á lokuðum bindireikningi sem uppgjörstryggingu í samræmi við 9. gr. reglna nr. 388 frá 29. maí 2002 um bindiskyldu, sbr. 2. gr. reglna nr. 180 frá 10. mars 2003 um breytingu á þeim reglum.

Reykjavík, 20. október 2003.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Jón Sigurðsson
bankastjóri.

REGLUR**um starfsemi jöfnunarkerfa.**

1. gr.

Skilgreining hugtaka.

Greiðslukerfi: Formlegt fyrirkomulag þriggja eða fleiri þátttakenda sem byggist á sameiginlegum reglum og stöðluðu fyrirkomulagi við framkvæmd greiðslufyrirmæla milli þeirra, enda hafi a.m.k. einn þátttakendanna aðalskrifstofu sína hér á landi, og greiðslukerfið fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru og það hefur verið viðurkennt og tilkynnt í samræmi við lög nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

Hámarksjöfnunarstaða: Hámarksfjárhæð sem þátttakandi má skulda öðrum þátttakanda vegna greiðslujöfnunar innan dags í jöfnunarkerfi.

Jöfnunarkerfi: Greiðslukerfi sem tekur við beiðnum frá þátttakendum um framkvæmd fyrirmæla um greiðslur frá einum þátttakanda til annars innan kerfisins. Greiðslukerfið jafnar greiðslur, þ.e. umbreytir mörgum kröfum eða skuldbindingum í eina (nettó)kröfu eða (nettó)skuldbindingu um greiðslu eða greiðsluskyldu þátttakenda.

Jöfnunarreikningur: Reikningur þátttakanda í jöfnunarkerfi sem hann notar við stýringu jöfnunarstöðu gagnvart öðrum þátttakanda.

Stjórn jöfnunarkerfis: Tilgreindur hópur manna sem ber ábyrgð á starfrækslu jöfnunarkerfis með formlegum hætti, þ.m.t. að starfræksla jöfnunarkerfis sé í samræmi við reglur

þessar. Sé félagsform jöfnunarkerfis hlutafélag eða einkahlutafélag telst félagsstjórn vera stjórn jöfnunarkerfisins í skilningi þessara reglna.

Stórgreiðslukerfi: Greiðslukerfi Seðlabanka Íslands sem vinnur úr greiðslufyrirmælum þannig að greiðsla er því aðeins færð út af uppgjorsreikningi greiðanda og inn á uppgjorsreikning móttakanda að næg innstæða sé á reikningi greiðanda eða næg heimild sem samið hefur verið um og tryggt er með fullnægjandi hætti. Greiðsluuppgjör fer fram um leið og greiðsla er færð út af uppgjorsreikningi greiðanda og inn á uppgjorsreikning móttakanda greiðslu (rauntímabruúttóuppgjör).

Stórgreiðslureikningur: Viðskipta- og uppgjorsreikningur þátttakanda í stórgreiðslukerfi.

Uppgjorsreikningur: Stórgreiðslureikningur sem notaður er við uppgjör í greiðslukerfi eða verðbréfauppgjörkerfi.

Verðbréfauppgjörkerfi: Kerfi sem staðfestir viðskiptaskilmála vegna verðbréfavíðskipta, reiknar út og ákvarðar réttindi og skyldur vegna viðskiptanna, gerir upp viðskiptin og annast vörslu verðbréfa.

2. gr.

Þátttakendur.

Stjórn jöfnunarkerfis tekur ákvörðun um samþykkt nýrra þátttakenda að kerfinu og útilokun á þátttöku aðila sem fyrir eru í kerfinu.

Þátttakendur í jöfnunarkerfum geta verið stofnanir, sbr. 2. tl. 2. gr. laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, nr. 90/1999 enda uppfylli þær að öðru leyti kröfur sem stjórn jöfnunarkerfisins gerir til þátttökunnar, sbr. 3. gr. Þátttakendur skulu hafa uppgjorsreikninga í Seðlabanka Íslands og vera jafnframt þátttakendur í stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands.

Um réttindi og skyldur annarra þátttakenda, þ.e. milligönguaðila, uppgjörsaðila og greiðslujöfnunarstöðva, fer eftir lögum nr. 90/1999 og 2. og 3. gr. þessara reglna eftir því sem við á.

Nú uppfyllir þátttakandi ekki lengur skilyrði skv. 2. og 3. gr. og skal stjórn jöfnunarkerfisins þá synja honum um frekari þátttöku í kerfinu. Sama á við ef þátttakandi brýtur reglur þessar.

3. gr.

Þáttökuskilyrði.

Stjórn jöfnunarkerfis skal skriflega tilgreina skilyrði fyrir þátttöku í kerfinu. Skilyrðin skulu vera til þess fallin að stuðla að öryggi og skilvirkni kerfisins. Þau skulu jafnframt vera aðgengileg, hlutlæg, réttlæt看anleg og nauðsynleg. Skilyrðin skulu að lágmarki kveða á um að þátttakandi:

- a. lúti opinberu eftirliti fjármálaeftirlitsyfirlvalds á Evrópska efnahagssvæðinu,
- b. uppfylli kröfur viðkomandi eftirlitsstofnunar, m.a. að því er varðar eiginfjárhlutfall og lausafjárhlutfall,
- c. hafi yfir að ráða nauðsynlegum tæknibúnaði vegna þátttökunnar,
- d. hafi yfir að ráða nauðsynlegri stjórnunarlegri getu og tæknipækkingu starfsmanna vegna þátttökunnar,
- e. hafi yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við þátttöku í kerfinu,
- f. hafi samið um og lagt fram fullnægjandi uppgjörstryggingar í Seðlabanka Íslands,
- g. hafi greitt eða samið um greiðslu eðlilegs þátttökugjalds.

Ákvæði a., b., f.- og g.- liða 1. mgr. eiga ekki við um Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Fjárhæð greiðslna.

Greiðslufyrirmæli undir 10 milljónum króna falla undir jöfnunarkerfi. Greiðslufyrirmæli að fjárhæð 10 milljónir króna eða hærri falla undir stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands (stórgreiðslumörk). Færslur vegna uppgjörs í jöfnunarkerfi og verðbréfauppgjörskerfi falla þó undir stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands án tillits til fjárhæðar.

Seðlabanki Íslands getur ákveðið að höfðu samráði við stjórnir jöfnunarkerfa að tiltekna greiðslur sem eru lægri en stórgreiðslumörk skv. 1. mgr. falli undir stórgreiðslukerfið.

Óheimilt er að skipta niður greiðslufyrirmælum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að þau falli undir stórgreiðslukerfið.

5. gr.

Viðurkenning á jöfnunarkerfum.

Stjórn jöfnunarkerfis skal óska eftir viðurkenningu á kerfinu í samræmi við lög nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

6. gr.

Starfrækslutími jöfnunarkerfa.

Stjórn jöfnunarkerfis ákveður starfrækslutíma kerfisins í samráði við Seðlabanka Íslands. Uppgjör í jöfnunarkerfi skal þó eigi fara fram síðar en kl. 17.00 á almennum bankadögum.

7. gr.

Greiðslufyrirmæli.

Greiðslufyrirmæli í jöfnunarkerfi teljast þau fyrirmæli þáttakanda, sem kerfið hefur móttakið og staðfest, að tilgreindum móttakanda séu afhentir fjármunir með því að leggja með reikningsfærslu tiltekna fjárhæð inn á reikning lánastofnunar, seðlabanka eða uppgjörsaðila, eða skuldbinda hann eða leysa hann undan skyldu til að inna af hendi greiðslu eins og það hugtak er skilgreint skv. almennum lögskýringum.

Eigi síðar en 14. febrúar 2005 skal jöfnunarkerfi skrá og varðveita nafn, heimilisfang og reikning greiðanda.

8. gr.

Beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla.

Beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla berst jöfnunarkerfi í gegnum rafræna tengingu þáttakanda við kerfið. Beiðnin getur varðað sérstaka greiðslu eða fleiri greiðslur sem safnað hefur verið saman innan dags.

9. gr.

Tímamark greiðslufyrirmæla.

Greiðslufyrirmæli teljast komin til jöfnunarkerfis þegar það hefur staðfest móttöku þeirra með sannanlegum hætti gagnvart þeim þáttakanda sem fyrirmælin gaf. Halda skal nákvæma tímaskrá yfir móttöku greiðslufyrirmæla til kerfisins og sendingu staðfestingar á móttöku.

10. gr.

Réttaráhrif staðfestingar á móttöku greiðslufyrirmæla.

Eftir að móttaka greiðslufyrirmæla hefur verið staðfest skv. 9. gr. teljast fyrirmælin bindandi gagnvart þriðja manni og er afturköllun þeirra óheimil eftir það tímamark, sbr. þó 2. mgr.

Nú kemur í ljós að augljós mistök hafa verið gerð við sendingu greiðslufyrirmæla sem hafa verið staðfest skv. 1. mgr. Afturköllun slíkra fyrirmæla með sýnilegri mótfærslu er heimil gagnvart jöfnunarkerfinu innan sama uppgjörsdags enda hafi bú viðkomandi þátttakanda ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta fram til þess tíma. Slík afturköllun fellir úr gildi bindandi réttaráhrif sem höfðu stofnast skv. 1. mgr. vegna fyrirmælanna. Að öðru leyti ber sá þátttakandi sem afturkallar greiðslufyrirmæli ábyrgð á réttmæti afturköllunarinnar.

Um réttaráhrif gjaldþrotaskipta þátttakanda fer samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti, nú lögum nr. 21/1991, og lögum um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, nú lögum nr. 90/1999.

11. gr.

Teljari og jöfnunarreikningar.

Um leið og greiðslufyrirmæli eru framkvæmd er breyting á nettórauntímastöðu allra færslna milli einstakra þátttakenda (þ.e. jöfnunarstaða) skráð í teljara sem er aðgengilegur viðkomandi þátttakendum og Seðlabanka Íslands.

Þátttakendur nota sérstaka jöfnunarreikninga í Seðlabanka Íslands við stýringu jöfnunarstöðu milli einstakra móþátttakenda. Hver þátttakandi hefur sérstakan jöfnunarreikning fyrir hvern móþátttakanda. Móþátttakendur geta lagt fé inn á viðkomandi jöfnunarreikning í því skyni að hækka hámarksjöfnunarstöðu tímabundið.

12. gr.

Hámarksjöfnunarstaða.

Þátttakendur semja um hámarksjöfnunarstöðu sín á milli. Þátttakendur skulu senda stjórn jöfnunarkerfisins og Seðlabanka Íslands tilkynningu um hámarksjöfnunarstöðu gagnvart öðrum þátttakendum.

Tilkynna skal allar breytingar á hámarksjöfnunarstöðu gagnvart einum eða fleiri þátttakendum eins fljótt og kostur er. Breyting á hámarksjöfnunarstöðu tekur gildi við upphaf næsta viðskiptadags.

Jöfnunarkerfi skal tryggja að innbyrðis jöfnunarstaða skv. teljara á hverjum tíma verði ekki hærri en umsamin hámarksjöfnunarstaða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 11. gr. um greiðslu inn á jöfnunarreikninga. Seðlabanki Íslands getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

13. gr.

Höfnun beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla.

Berist jöfnunarkerfi beiðni um greiðslufyrirmæli sem myndu, ef þau yrðu staðfest og framkvæmd, leiða til þess að viðkomandi jöfnunarstaða færi fram úr umsömdu hámarki, er kerfinu skylt að hafna slíkri beiðni og tilkynna það viðkomandi þátttakendum.

Seðlabanki Íslands getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

14. gr.

Uppgjörstryggingar.

Þátttakendur í jöfnunarkerfi skulu semja um og leggja fram öruggar og fullnægjandi tryggingar í Seðlabanka Íslands fyrir greiðslufalli vegna uppgjörs í kerfinu.

Fjárhæð trygginga skal að lágmarki miðuð við að hægt sé að ljúka uppgjöri þótt sá þátttakandi sem hefur hæstu neikvæðu greiðslustöðuna sé ófær um greiðslu. Fjárhæð tryggingar sem hver þátttakandi skal leggja fram skal eigi vera lægri en hæsta einstaka umsamin hámarksjöfnunarstaða hans gagnvart öðrum þátttakendum.

Seðlabanki Íslands metur og samþykkir tryggingar. Uppgjörstryggingar skulu vera í formi verðbréfa sem hæf eru í endurhverfum viðskiptum Seðlabankans, sbr. reglur þar að

lútandi, nú reglur nr. 385 frá 29. maí 2002 um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands. Uppgjörstryggingar geta jafnframt verið í formi reiðufjár á tryggingareikningi þátttakanda í Seðlabankanum. Seðlabankinn setur nánari skilyrði fyrir notkun reikningsins í samningi þar að lútandi.

15. gr.

Heimild til ráðstöfunar við uppgjörsvanefnd.

Neikvæð innbyrðis staða þátttakenda skal greidd með greiðslu í stórgreiðslukerfi án tillits til fjárhæðar.

Við vanefnd þátttakanda á uppgjörsskuldbindingum í jöfnunarkerfinu getur Seðlabanki Íslands innleyst veðsett verðbréf og/eða nýtt reiðufé á tryggingareikningi og ráðstafað, án fyrirvara eða tilkynningar, hlutfallslega inn á kröfur sem aðrir þátttakendur eiga gagnvart viðkomandi þátttakanda.

Nægi tryggingin ekki til þess að ljúka uppgjöri getur Seðlabankinn innleyst tryggingu hvers einstaks þátttakanda vegna eftirstæðrar kröfu hans. Viðkomandi þátttakandi heldur í slíkum tilfellum upphaflegum kröfurétti sínum. Hann á jafnframt endurkauparétt á þeim verðbréfum sem innleyst hafa verið í tengslum við uppgjörsvanefndina. Endurkauparétturinn fellur niður að liðnum fimm bankadögum frá því að vanefndin átti sér stað.

Nái samningur um uppgjörstryggingu bæði til stórgreiðslukerfis og jöfnunarkerfis skulu tryggingahlutar fyrir hvort greiðslukerfi ekki vera aðgreindir á tryggingareikningi eða í því safni verðbréfa sem viðkomandi þátttakandi hefur veðsett til tryggingar uppgjöri. Við uppgjörsvanefnd getur Seðlabankinn gengið að tryggingum til að ljúka uppgjöri án tillits til þess um hvorn tryggingahlutann er að ræða.

16. gr.

Kröfur um tæknilegan búnað.

Þátttakendur í jöfnunarkerfi skulu hafa yfir að ráða þeim tæknilega búnaði sem stjórn kerfisins skilgreinir á hverjum tíma.

17. gr.

Eftirlitskerfi með áhættu.

Þátttakendur skulu á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggja eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við notkun jöfnunarkerfis og annarra greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfa sem þeir eru þátttakendur í.

18. gr.

Kynning á starfsemi jöfnunarkerfis.

Starfsmenn þátttakenda í jöfnunarkerfi er sinna greiðslumiðlun skulu hljóta nauðsynlega kynningu á kerfinu og þjálfun í notkun þess. Stjórn kerfisins í samráði við þátttakendur og Seðlabanka Íslands annast gerð samræmds kynningarefnis vegna kerfisins fyrir starfsmenn er sinna greiðslumiðlun og viðskiptamenn þátttakenda.

19. gr.

Vöktun jöfnunarstöðu.

Þátttakendum er skylt að fylgjast með innbyrðis jöfnunarstöðu gagnvart öðrum þátttakendum eins og hún kemur fram á viðkomandi teljurum í því skyni að koma tímanlega í veg fyrir höfnun beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla.

Hver þátttakandi skal hafa yfir að ráða tæknibúnaði er auðveldi vöktun greiðslustöðu.

20. gr.

Viðbrögð vegna greiðslustöðu.

Áður en til þess kemur að hámarksstöðu sé náð ber þeim þátttakanda sem hefur neikvæða stöðu að kappkosta að koma í veg fyrir höfnun á framkvæmd greiðslufyrirmæla með því að greiða fé inn á jöfnunarreikning móþátttakandans til þess að hækka heimild sína umfram hámarksjöfnunarstöðuna.

Seðlabanki Íslands skal hafa aðgang að jöfnunarreikningum þátttakenda þannig að hann geti fylgst með viðbrögðum þeirra í slíkum tilfellum.

21. gr.

Viðbúnaðaráætlun þátttakanda.

Hver þátttakandi skal þróa viðbúnaðaráætlun þar sem gerð er grein fyrir eigin viðbrögðum við áföllum í starfsemi jöfnunarkerfisins.

22. gr.

Viðbúnaðaráætlun stjórnar greiðslukerfis.

Stjórn jöfnunarkerfis í samráði við þátttakendur kemur á fót og viðheldur áætlunum sem tryggja nauðsynlegt rekstraröryggi ef upp koma seinkanir, rafmagnsleysi eða önnur tæknileg óhöpp. Þátttakandi skal koma sér upp nauðsynlegum varabúnaði, m.a. til að geta tekið á móti tilkynningum um skuld á stórgreiðslureikningi og jöfnunarreikningi ef bilun eða röskun verður á venjulegum samskiptaháttum. Slík tilkynning getur þýtt að hlutaðeigandi þátttakandi eða aðrir þátttakendur verði að afla sér daglána eða færa laust fé á milli reikninga áður en greiðsluuppgjörið á sér stað. Varabúnaðurinn á enn fremur að tryggja að þátttakanda sé fært að taka ákvörðun um miðlun lauss fjár af eða á eigin reikninga áður en greiðsluuppgjörið á sér stað. Þátttakandi verður einnig að hafa tæknilega getu til að taka við eða miðla lausu fé þótt venjulegar aðferðir bregðist.

Stjórn jöfnunarkerfis skal skipuleggja viðbragðsæfingar a.m.k. einu sinni á ári í samráði við þátttakendur og Seðlabanka Íslands.

23. gr.

Gjaldskrá.

Stjórn jöfnunarkerfis setur þátttakendum gjaldskrá vegna rekstrar og starfsemi kerfisins. Gjaldskráin skal vera aðgengileg.

24. gr.

Eftirlit.

Seðlabanki Íslands annast kerfislægt eftirlit (e. oversight) með starfsemi jöfnunarkerfa að því er varðar öryggi þeirra, skilvirkni og hagkvæmni. Fjármálaeftirlitið annast eftirlit (e. supervision) með framkvæmd einstakra þátttakenda á reglum um jöfnunarkerfi.

25. gr.

Upplýsingagjöf.

Stjórn jöfnunarkerfis og/eða einstakir þátttakendur skulu veita Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu allar umbeðnar upplýsingar varðandi framkvæmd þessara reglna og tilkynna þeim um öll mikilsverð tilvik sem kunna að raska eða hafa raskað starfsemi kerfisins.

Þátttakendur skulu upplýsa hvern þann, sem þess óskar og hefur lögmætra hagsmuna að gæta, um að þeir taki þátt í jöfnunarkerfinu og um helstu reglur sem gilda um starfsemi kerfisins.

Stjórn jöfnunarkerfis auglýsir í Lögbirtingablaðinu hverjir eru þátttakendur í kerfinu. Auglýsa skal að nýju ef breytingar verða á þátttöku.

26. gr.

Verklagsreglur.

Stjórn jöfnunarkerfis setur verklagsreglur þar sem nánar er kveðið á um starfsemi kerfisins, þátttökuskilyrði, útilokun þátttöku, kröfur um tæknibúnað, framkvæmd greiðslufyrirmæla og viðbúnaðaráætlun.

27. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 38. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, taka gildi 1. nóvember 2003. Á sama tíma falla úr gildi reglur um aðgang að uppgjörstreikningum í Seðlabanka Íslands nr. 951 frá 29. desember 2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 14. gr. skal þátttakendum heimilt, fram til 1. janúar 2004, að nýta innstæðu á lokuðum bindireikningi sem uppgjörstryggingu í samræmi við 9. gr. reglna nr. 388 frá 29. maí 2002 um bindiskyldu, sbr. 2. gr. reglna nr. 180 frá 10. mars 2003 um breytingu á þeim reglum.

Reykjavík, 20. október 2003.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Jón Sigurðsson
bankastjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Sveitarfélaginu Árborg, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum skal greiða gatnagerðargjald til sveitarfélagsins samkvæmt samþykkt þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996. Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda stofngjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur nr. 81/1991, stofngjald holræsa skv. lögum nr. 15/1923 og byggingarleyfisgjald skv. lögum nr. 73/1997.

2. gr.

Tekjum sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda skal varið til gatnagerðar og til þess að gera lóðir í einkaeigu byggingarhæfar sem og til að gera sveitarfélaginu kleift að bjóða byggingarhæfar leigulóðir í sveitarfélaginu. Einnig til að standa undir kostnaði við endurbyggingu gatna með tilheyrandi lögnum, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð

umferðareyja, gangstíga og opinna svæða. Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og tekjum vegna stofngjalds holræsa til holræsaframkvæmda. Byggingarleyfisgjald er til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

3. gr.

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna lóða sem ekki hefur verið veitt byggingarleyfi á áður við gildistöku þessarar samþykktar, þ.e. nýjar lóðir, og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði á þegar byggðum lóðum við gildistöku samþykktarinnar, þ.e. eldri lóðir.

A - Gatnagerðargjald vegna nýrra lóða.	kr. pr. m ² *
1. Einbýlishúsaloðir	6.250
2. Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð	3.800
3. Raðhús á 2 hæðum, fjölbýlishús með þremur íbúðum	3.350
4. Fjölbýlishús	2.600
5. Atvinnu- og þjónustuhúsnæði	4.900
6. Hesthús	4.000

*) m² er margfeldið af lóðarstærð og leyfðu nýtingarhlutfalli lóðar.

Gjald þetta breytist 1. hvers mánaðar í samræmi við byggingarvísitölu Hagstofu Íslands. Grunnvísitala miðast við október 2003, 287,3 stig.

B - Gatnagerðargjald vegna eldri lóða, sem úthlutað hefur verið fyrir 8. desember 1999.

Lóðir sem úthlutað hefur verið á tímabilinu 9. desember 1999 – 1. október 2003 greiða ekki frekara gatnagerðargjald en það sem þeim hefur verið gert að greiða í upphafi.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundradshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra fjölbýlishúsa eins og hann er hverju sinni reiknaður af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Hagstofu Íslands.

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu, lágmarksgjald reiknað af 450 m ³	6,5%
Sama rými umfram 550 m ³	8,5%
Bifreiðageymslur á einbýlishúsaloðum, sólstofur og garðgeymslur allt að 20 m ²	3,25%
Rað- og parhús	5,5%
Bifreiðageymslur á parhúsaloðum, sólstofur og garðgeymslur allt að 20 m ²	2,25%
Fjölbýlishús	2,25%
Iðnaðarhús í skálabyggingum á einni hæð, stærra en 2000 m ³ + kr. 72 pr. m ² lóðar.	2,50%
Iðnaðarhús í skálabyggingum á einni hæð, minna en 2000 m ³ + kr. 72 pr. m ² lóðar	2,75%
Verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús	3,75%
Opinberar byggingar	6,50%
Annað húsnæði	4,75%

4. gr.

Stofngjald holræsa kr. 100 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis. Stofngjald í dreifbýli er skv. sérreglum sveitarfélagsins um fráveitu í dreifbýli.

5. gr.

Stofngjald vatnsveitu kr. 50 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis. Semja þarf sérstaklega um vatnsveitu í dreifbýli eða á stöðum fjarri dreifikerfislögnum vatnsveitu, þ.e. yfir 50 m.

6. gr.

Byggingarleyfis – og þjónustugjöld.*A – Byggingarleyfisgjöld.*

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjöld fyrir útgáfu á byggingarleyfum sem skipulags- og byggingarfulltrúi/skipulags- og byggingarnefnd samþykkir og fengið hefur staðfestingu bæjarstjórnar.

Upphæðir gjaldskráar breytast 1. janúar ár hvert í takt við vísitölu byggingarkostnaðar.

Innifalið er ein yfirferð aðaluppdráttu, byggingarleyfi, útmæling fyrir greftri, útmæling og hæðarsetning fyrir uppslætti og útsetning lóðar, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

Íbúðarhúsnæði:

		kr.
Einbýlishús	pr. lóð	68.500
Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð	pr. íbúð	58.700
Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	pr. íbúð	47.700
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	pr. íbúð	40.800
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	pr. íbúð	34.100

Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir, - einnig sama húsnæði með íbúðum:

gólflötur allt að 500 fermetrar	68.500
gólflötur yfir 500 fermetrar	90.800

Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:

Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús og viðbyggingar allt að 20 fermetrar	28.400
Viðbyggingar 20 - 100 fermetrar	39.700
Viðbyggingar stærri en 100 fermetrar = sömu gjöld og af því húsnæði sem byggt er við.	

Eldri gjaldskrár byggingarleyfisgjalda falla úr gildi við gildistöku nýrrar.

B - Þjónustugjöld.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingar sem byggingarfulltrúi veitir.

Upphæðir afgreiðslu- og þjónustugjalda breytast 1. janúar ár hvert í takt við byggingarvísitölu.

	kr.
Hver endurskoðun aðaluppdráttu	7.000
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	4.500
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	11.500
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	11.500
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	7.000
Fyrir grenndarkynningu, minniháttar	7.500
Fyrir grenndarkynningu, umfangsmikil	32.500
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	20.000
Húsaleiguúttektir	4.500
Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu	4.500
Stöðuleyfi	4.500
Fyrir hverja aukaútsetningu lóðar/húss; pr.mælingu	10.000

Fyrir breytingar á samþykktu deiliskipulagi: Viðkomandi hagsmunaaðili ber allan kostnað af breytingunum, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði. Ljósritun, A2, A3, A4 (skv. kostnaði).

7. gr.

Einingarverð gjaldtöku skv. greinum 4, 5 og 6 í samþykkt þessari breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við október 2003, 287,3 stig.

8. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu greidd innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningarbréfs bæjaryfirvalda um úthlutun lóðar ef um leigulóð er að ræða en eigi síðar en einum mánuði frá samþykkt byggingarleyfis á einkalóðum og eldri lóðum enda öðlast byggingarleyfið ekki gildi án greiðslu þessara gjalda. Veittur er greiðslufrestur á hluta þessara gjalda skv. sérstakri samþykkt sem bæjarstjórn setur.

9. gr.

Gjöld samkvæmt 3., 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar skulu endurgreidd ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð. Endurgreiðslunni er heimilt að fresta þar til lóð hefur verið úthlutað að nýju og en þó ekki lengur en í sex mánuði. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnveðri án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógiltar á sannanlegan hátt.

10. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar skv. lögum nr. 17 frá 21. mars 1996 og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, 8. október 2003.

Einar Guðni Njálsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Austur-Héraði.

Deiliskipulag Selbrekku, 1. áfangi, neðra svæði.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 23. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðasvæði í Selbrekku á Egilsstöðum, neðra svæði, 1. áfangi. Á svæðinu eru íbúðagöturnar Skógarsel, Brekkusel og Hjallasel, samtals 35 íbúðarlóðir.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 20. október 2003.

Þórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um starfsemi verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

II. KAFLI Útvistun verkefna rekstrarfélags.

2. gr.

Fjármálaeftirlitið skal því aðeins samþykkja útvistun verkefna rekstrarfélags skv. 18. gr. laga nr. 30/2003, að:

1. Útvistunin hindri ekki að mati Fjármálaeftirlitsins eftirlit með rekstrarfélaginu eða komi í veg fyrir að verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður sé rekinn með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina eða hluta að leiðarljósi.
2. Rekstraraðili sem annast fjárfestingar verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs í samræmi við fjárfestingarstefnu skv. 17. gr. laga nr. 30/2003, sé fjármálafyrirtæki sem heimild hefur til eignastýringar eða samsvarandi fyrirtæki með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Tryggt sé að fjármálafyrirtæki sem hefur staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins og annast fjárfestingar verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs búi að mati Fjármálaeftirlitsins við sambærilegt eftirlit og verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir og samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærri yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti.
4. Ráðstafanir hafi verið gerðar sem geri rekstrarfélaginu kleift að hafa á hverjum tíma skilvirkt eftirlit með starfsemi rekstraraðilans.
5. Rekstrarfélagið geti hvenær sem er gefið frekari fyrirmæli til rekstraraðilans og sagt umsvifalaust upp samningi við hann um útvistun, ef það þjónar hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina eða hluta í sjóðnum.
6. Rekstraraðilinn sem útvista á verkefnum til, sé hæfur til að annast þau verkefni sem honum eru falin.

III. KAFLI Innlausn.

3. gr.

Orðskýringar.

Í kafla þessum merkir:

1. *Kaupgengi hlutdeildarskírteina eða hluta:* Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina eða hluta.
2. *Sölugengi hlutdeildarskírteina eða hluta:* Söluverð hlutdeildarskírteina eða hluta.
3. *Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina eða hluta:* Markaðsvirði samanlagðra eigna verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs að frádregnum skuldum hans við innlausn samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga nr. 30/2003.
4. *Markaðsvirði:* Skráð eða áætlað andvirði fjármálagerninga á markaði á hverjum tíma.

4. gr.

Mat á eignum.

Mat á eignum verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar skal á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Fjármálagerningar í eigu verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar.

Virði annarra fjármálagerna verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar en um ræðir í 2. mgr. skal háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir mat eigna skv. 3. mgr. á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur við mat á eignum.

5. gr.

Niðurfærslureikningur.

Fyrir hvern verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð eða einstaka sjóðsdeild skal mynda niðurfærslureikning vegna fjármálagerna skv. 3. mgr. 4. gr. í því skyni að gengi hlutdeildarskírteina eða hluta endurspegli sem best verðmæti eigna hlutaðeigandi sjóðs eða deildar á hverjum tíma.

6. gr.

Upplýsingar um gengi.

Kaupgengi, innlausnarvirði og sölugengi hlutdeildarskírteina eða hluta verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar skal reiknað út daglega.

Ávallt skulu liggja fyrir upplýsingar um kaupgengi, innlausnarvirði og sölugengi hlutdeildarskírteina eða hluta verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar, svo og upplýsingar um umsýslu- og stjórnunarkostnað hlutaðeigandi sjóðs eða sjóðsdeildar til reiðu fyrir eigendur hlutdeildarskírteina eða hluta.

IV. KAFLI

Fjárfestingarheimildir.

7. gr.

Peningamarkaðssjóðir.

Verðbréfasjóður, fjárfestingarsjóður eða sjóðsdeild getur því aðeins átt viðskipti með peningamarkaðsskjöl sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. 7. tölul. 30. gr. laga nr. 30/2003, ef útgáfa eða útgefandi þessara skjala sætir eftirliti lögbærra aðila í þeim tilgangi að vernda fjárfesta og sparifé og að því tilskyldu að:

1. ríkisstjórn eða svæðis- eða staðaryfirvöld eða seðlabanki ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins, Seðlabanki Evrópu, Evrópusambandið eða Fjárfestingarbanki Evrópu, þriðja land eða, ef um sambandsríki er að ræða, eitt ríkjanna í sambandinu eða opinber eða alþjóðleg stofnun, sem eitt eða fleiri aðildarríkjanna eiga aðild að, gefi þau út eða ábyrgist þau, eða
2. fyrirtæki gefi þau út og viðskipti eiga sér stað með hluti þess á skipulegum verðbréfamarkaði, eða
3. fyrirtæki sem sætir opinberu eftirliti lögbærra aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sambærilegu eftirliti, gefi þau út eða ábyrgist þau, eða
4. aðrir aðilar sem Fjármálaeftirlitið hefur viðurkennt gefi þau út eða ábyrgist þau, að því tilskyldu að

- a) fjárfesting í slíkum skjölum heyrir undir fjárfestavernd sem jafngildir þeirri vernd sem kveðið er á um á skipulegum verðbréfamarkaði og
- b) útgefandi fjármálagerninganna:
 - i. hafi eigið fé sem nemi að minnsta kosti 10 milljónum evra;
 - ii. birti ársreikninga sína í samræmi við tilskipanir um ársreikninga og
 - iii. er annaðhvort aðili innan félagasamstæðu, með eitt eða fleiri skráð félög, og helgar sig fjármögnun samstæðunnar eða er aðili sem helgar sig fjármögnun verðbréfunar með stoð í lánasamningi við fjármálafyrirtæki.

8. gr.

Viðskipti með afleiður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að verðbréfasjóðurinn, fjárfestingarsjóðurinn eða sjóðsdeild víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Notkun afleiða má ekki leiða til þess að samanlögð áhætta undirliggjandi eigna fari yfir leyfileg mörk skv. 35. gr. og 3. tölul. 54. gr. laga nr. 30/2003.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsskjal felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

9. gr.

Vísitölusjóðir.

Verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði eða sjóðsdeild skv. 36. gr. laga nr. 30/2003, ber að endurspegla viðkomandi vísitölu í sömu hlutföllum og hún er samsett á hverjum tíma, sbr. þó 2. mgr. Þessi grein tekur ekki til sjóða sem miða að því að endurspegla árangur vísitölu og stefna að því að gera betur en vísitalan.

Nú verða breytingar á vísitölu þannig að nýir fjármálagerningar eru teknir í vísitölna og fyrirliggjandi fjármálagerningar felldir brott, og er þá verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði eða einstökum deildum hans heimilt að víkja tímabundið frá skilyrðum 1. másl. 1. mgr. vegna markaðsaðstæðna, þ.e. ef seljanleiki fjármálagerninganna er lítill eða kostnaður við viðskipti með undirliggjandi fjármálagerninga óhæfilega hár.

Verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður samkvæmt þessari grein er ekki bundin af takmörkunum 3. mgr. 35. gr. og 3. tölul. 54. gr. laganna.

10. gr.

Sjóðasjóðir.

Vernd eigna hlutdeildarskírteina eða hluta í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. 3. tölul. 30. gr. laga nr. 30/2003 skal vera sambærileg og í verðbréfasjóðum einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lán, lántökur og skortsölu.

11. gr.

Traust verðbréf.

Verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður sem hefur heimild til að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 37. gr. laga nr. 30/2003 skal taka skýrt fram í reglum sjóðsins þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf og/eða peningamarkaðsskjöl sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í meira en 35% eigna sinna.

V. KAFLI

Markaðssetning utan heimalands.

12. gr.

Gildissvið.

Kaflí þessi tekur til erlendra verðbréfasjóða sem hafa staðfestingu samkvæmt tilskipun 85/611/EBE, með síðari breytingum, (UCITS) og hyggjast hefja markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hluta sinna til almennings hér á landi.

Kaflí þessi tekur einnig til annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, með staðfestu innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem hyggjast hefja markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hluta sinna til almennings hér á landi og uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Hafa að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu.
2. Lúta eftirliti lögbærra aðila samkvæmt lögum heimaríkis viðkomandi sjóðs.

Ekki er heimilt að markaðssetja til almennings hérlendis aðra erlenda sjóði um sameiginlega fjárfestingu en um er getið í þessari grein.

13. gr.

Undanþága.

Undanþegnir ákvæðum þessa kafla eru verðbréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem hyggjast eingöngu markaðssetja hlutdeildarskírteini eða hluti sína til tilgreinds afmarkaðs hóps aðila, án almennrar auglýsingar eða kynningar, enda sé hópurinn ekki stærri en 25 aðilar, eða til fagfjárfesta.

Markaðssetning merkir í reglugerð þessari tilboð eða hvatningu, með auglýsingum eða annarri kynningu, um kaup á hlutdeildarskírteinum eða hlutum í verðbréfasjóði eða öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu.

14. gr.

Verðbréfasjóðir (UCITS).

Erlendur verðbréfasjóður (UCITS) með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins getur markaðssett hlutdeildarskírteini sín eða hluti hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá verðbréfasjóðnum skv. 43. gr. laga nr. 30/2003.

Lýsing á framkvæmd fyrirhugaðrar markaðssetningar hlutdeildarskírteina eða hluta verðbréfasjóðsins skv. 5. tölul. 43. gr. laga nr. 30/2003, skal hafa að geyma upplýsingar um hverjir muni annast sölu og hafa lögformlega heimild til innlausnar fyrir hönd verðbréfasjóðsins og hver væntanlegur markhópur fjárfesta verður.

Í upplýsingum skv. 6. tölul. 43. gr. laga nr. 30/2003, skulu m.a. koma fram upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir sjóðsins til að tryggja rétt viðskiptamanna ef sjóðurinn hyggst hætta starfsemi eða markaðssetningu hérlendis.

15. gr.

Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu (Non-UCITS).

Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóðir sem hyggjast hefja markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hluta sinna hér á landi skulu sækja um heimild til Fjármálaeftirlitsins, sbr. þó 13. gr., og samhliða senda Fjármálaeftirlitinu eftirtalin gögn:

1. Reglur eða samþykktir sjóðsins.
2. Útboðslýsing. Útboðslýsing skal hafa að geyma upplýsingar skv. 5. tölul. þessarar greinar.

3. Endurskoðaðan ársreikning næstliðins árs, sé hann fyrirbyggjandi, og síðari hálfársuppgjör.
4. Lýsingu á framkvæmd fyrirhugaðrar markaðssetningar hlutdeildarskírteina eða hluta sjóðsins. Skal lýsingin hafa að geyma upplýsingar um hverjir muni annast sölu og hafa lögformlega heimild til innlausnar fyrir hönd sjóðsins og hver væntanlegur markhópur fjárfesta verður.
5. Upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir sjóðsins til að tryggja rétt eigenda hlutdeildarskírteina eða hluta til útgreiðslu hagnaðar, innlausnar og þeirra upplýsinga sem fyrirtækinu er skylt að miðla, þ.m.t. ef sjóðurinn hyggst hætta starfsemi eða markaðssetningu hérlendis.
6. Yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis sjóðsins þar sem fram komi að sjóðurinn og rekstrarfélag hans hafi staðfestingu eða starfsleyfi í samræmi við löggjöf heimaríkisins og lúti eftirliti þess, þ.m.t. vegna athafna þess hérlendis.
7. Yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi heimaríkis sjóðsins þess efnis að það sé reiðubúið að veita sambærilegum íslenskum sjóðum heimild til markaðssetningar í viðkomandi ríki. Ríki sem falla undir svæði A í viðauka I í reglum nr. 530/2003, um eiginfjárlutfall lánastofnana, eru undanþegin þessum tölulíð.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu þegar tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið getur hafnað því að sjóður samkvæmt þessari grein hefji markaðssetningu hér á landi ef hann uppfyllir ekki þau skilyrði sem gerð eru til sjóða samkvæmt þessum kafla. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja synjun skriflega til sjóðsins áður en frestur skv. 4. mgr. rennur út.

Sjóðum samkvæmt þessari grein er heimilt að hefja starfsemi eða markaðssetningu hérlendis tveimur mánuðum eftir að skilyrði 1.-7. tl. 1. mgr. þessarar greinar hafa verið uppfyllt.

16. gr.

Upplýsingar á íslensku.

Upplýsingar sem sendar eru Fjármálaeftirlitinu skv. 14. og 15. gr. skulu vera á íslensku, nema það heimili annað sérstaklega.

Skjöl og aðrar upplýsingar sem verðbréfasjóði eða öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu er skylt að gera opinberar í heimaríki sínu skulu einnig birtar opinberlega hér á landi í íslenskri þýðingu, nema Fjármálaeftirlitið heimili annað sérstaklega. Upplýsingar um eftirfarandi atriði skulu þó ávallt vera aðgengilegar fjárfestum og liggja frammi þýddar á íslensku:

1. Ávöxtun á undanförunum þremur árum.
2. Fjárfestingarstefna og eignasamsetning sjóðsins.
3. Kostnaður við stjórnun sjóðsins, kaup og sölu verðbréfa og við flutning milli verðbréfasjóða.
4. Hvernig staðið er að kaupum og innlausn hlutdeildarskírteina og hluta sem og tímamörk innlausnar.
5. Útgreiðsla hagnaðar.

17. gr.

Heiti sjóða.

Verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu er heimilt að nota sama heiti og þeir nota í heimaríki sínu vegna markaðssetningar hlutdeildarskírteina og hluta

sinna hér á landi. Sé heitið villandi eða feli í sér hættu á ruglingi er Fjármálaeftirlitinu þó heimilt að krefjast þess að nafn verðbréfasjóðs eða annars sjóðs um sameiginlega fjárfestingu verði auðkennt sérstaklega til skýringar.

18. gr.

Markaðssetningu hætt að kröfu Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að verðbréfasjóður eða annar sjóður um sameiginlega fjárfestingu hætti markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hluta hér á landi ef:

1. Ráðstafanir sjóðsins til að tryggja rétt viðskiptamanna til útgreiðslu hagnaðar, innlausnar og þeirra upplýsinga sem skylt er að miðla teljast ekki nægilegar.
2. Sjóðurinn brýtur ítrekað eða með alvarlegum hætti gegn ákvæðum laga eða reglugerðar þessarar.
3. Ef sjóðurinn fylgir ekki áætlun um fyrirhugaða markaðssetningu.
4. Ef staðfesting eða eftirlit með sjóðnum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 15. gr., er afturkallað.
5. Ef möguleikar íslenskra sjóða, sbr. 7. tl. 1. mgr. 15. gr., til markaðssetningar í viðkomandi landi breytast eða falla niður.

VI. KAFLI

Upplýsingagjöf.

19. gr.

Ársreikningar og árshlutauppgjör.

Um sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð eða sérhverja deild fer samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

20. gr.

Upplýsingar í útboðslýsingu.

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu vegna hvers verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs, eða sérhverrar deildar þeirra, sem það annast rekstur á. Ákvæði þessa kafla gilda um fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutabréf eftir því sem við getur átt.

Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í viðkomandi sjóði.

Í útboðslýsingu skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi upplýsingar:

Upplýsingar um verðbréfasjóð eða fjárfestingarsjóð:

1. Heiti.
2. Stofndagur.
3. Hvort sjóður sé deildaskiptur.
4. Hvar fá megi reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins.
5. Stutt lýsing á skattareglum og skattalegri meðferð sem gilda um hlutdeildarskírteini eða hluti í sjóðnum og upplýsingar um kostnað og annan frádrátt frá tekjum eða hagnaði af fjármálagerningum í eigu sjóðsins sem eigendur sjóðsins fá í sinn hlut.
6. Birtingartími ársreiknings og árshlutauppgjör og hvenær arður eða annar hagnaður af starfsemi sjóðsins verði greiddur út til eigenda.
7. Upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteina eða hluta, meðal annars:
 - 7.1. eðli þeirra réttinda sem hlutdeildarskírteini eða hlutir veita,
 - 7.2. skilríki sem veita sönnun fyrir eignarrétti að hlutdeildarskírteinum eða hlutum og/eða færslum á skrá eða reikning,

- 7.3. einkenni hlutdeildarskírteina eða hluta,
- 7.4. atkvæðisréttur eigenda hlutdeildarskírteina eða hluta ef við á,
- 7.5. við hverjar aðstæður megi ákveða að loka sjóðnum og hvernig að því skuli staðið, einkum með tilliti til réttar eigenda hans.
8. Þar sem við á skal tilgreina á hvaða skipulegum verðbréfamörkuðum hlutdeildarskírteinin eða hlutirnir eru eða munu verða skráðir eða ganga kaupum og sölum.
9. Tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteina eða hluta.
10. Tilhögun og skilyrði fyrir endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina eða hluta og við hverjar aðstæður megi fresta endurkaupum eða innlausn.
11. Reglur um útreikning og ráðstöfun tekna.
12. Fjárfestingarmarkmið verðbréfasjóðsins, þar á meðal fjárhagslegur tilgangur (þ.e. upp-söfnunar- eða tekjusjóður), fjárfestingarstefna (t.d. sérhæfing eftir landssvæðum eða atvinnugreinum), takmarkanir á þeirri fjárfestingarstefnu og tilgreining aðferða og, samninga eða lántökuheimilda sem heimilt er að nota við rekstur sjóðsins.
13. Reglur um mat eigna.
14. Ákvörðun um sölu- eða útgáfuverð og endurkaups- eða innlausnarverð hlutdeildarskírteina eða hluta, meðal annars:
 - 14.1. hvernig og hve oft verð eru reiknuð,
 - 14.2. upplýsingar um gjöld af sölu, útgáfu, endurkaup eða innlausn skírteina eða hluta,
 - 14.3. hvernig og hvar og hve oft verð eru birt.
15. Upplýsingar um þóknun sem sjóðurinn greiðir rekstrarfélagi, vörslufyrirtæki eða þriðja aðila, ef við á, hvers eðlis hún er, upphæð hennar og endurgreiðslu sjóðsins á kostnaði til þeirra.

Upplýsingar um rekstrarfélag:

1. Heiti, rekstrarform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa.
2. Stofndagur.
3. Aðrir sjóðir sem rekstrarfélagið annast rekstur á.
4. Nöfn og staða stjórnar, varastjórnar og framkvæmdastjóra rekstrarfélagsins. Upplýsingar um helstu störf þeirra utan rekstrarfélags, ef þau skipta máli hvað rekstrarfélagið snertir.
5. Nöfn og heimilisföng löggiltra endurskoðenda rekstrarfélagsins.
6. Hlutfé og hve mikið hefur verið greitt.

Upplýsingar um vörslufyrirtæki:

1. Heiti og félagsform.
2. Skráð skrifstofa.
3. Meginstarfsemi.

Aðrar upplýsingar:

1. Tilgreind skal sú starfsemi sem rekstrarfélaginu hefur verið heimilað að úthýsa.
2. Upplýsingar um aðila utan rekstrarfélags sem veita ráðgjöf samkvæmt samningi sem greitt er fyrir af eignum sjóðsins:
 - 2.1. Heiti fyrirtækisins eða nafn ráðgjafans.
 - 2.2. Þau ákvæði samningsins sem máli skipta og kunna að varða eigendur sjóðsins, að öðru leyti en hvað varðar þóknun.
 - 2.3. Önnur starfsemi sem máli skiptir.
3. Vekja skal athygli á heimild og nefnd þau ríki, sveitarstjórnir og/eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf sem sjóðurinn hefur fjárfest í eða hyggst fjárfesta í fyrir meira en 35% eigna sinna.
4. Fyrri árangur sjóðsins.

5. Lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem sjóðurinn er ætlaður fyrir.
6. Hugsanlegur kostnaður, nema útgjöld vegna 14. tl. *upplýsinga um verðbréfasjóð og fjárfestingarsjóð*, og skal greina á milli þeirra sem eigendur hlutdeildarskírteina eða hluta greiða og þeirra sem greidd eru af eignum sjóðsins.
7. Upplýsingar skv. 48. gr. laga nr. 30/2003.

Reglur verðbréfasjóðs og fjárfestingarsjóðs skulu vera hluti útboðslýsingar og fylgja henni. Upplýsingar sem fram koma í reglunum þarf ekki að taka sérstaklega fram í útboðslýsingu.

21. gr.

Upplýsingar í útdrætti úr útboðslýsingu.

Rekstrarfélag skal gefa út útdrátt úr útboðslýsingu vegna hvers verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sérhverrar deildar þeirra, sem það annast rekstur á.

Í útdrætti skal draga fram meginatriði útboðslýsingar. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

Stutt kynning á sjóðnum:

1. Hvenær sjóðurinn var stofnaður og í hvaða aðildarríki hefur hann verið skráður.
2. Hvort sjóðurinn sé rekinn í einni deild eða fleirum.
3. Rekstrarfélag.
4. Áætlaður líftími sjóðsins, ef við á.
5. Vörslufyrirtæki.
6. Endurskoðendur.
7. Fjármálasamstæða sem stendur að baki sjóðnum, t.d. banki.

Upplýsingar um fjárfestingar:

1. Stutt skilgreining á markmiðum sjóðsins.
2. Fjárfestingarstefna og stutt greinargerð um áhættustig sjóðsins.
3. Fyrri árangur sjóðsins og viðvörðun um að ekki megi álykta út frá henni um árangur hans í framtíðinni.
4. Lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem sjóðurinn er ætlaður fyrir.

Fjárhagslegar upplýsingar:

1. Skattalegar upplýsingar.
2. Kaup- og sölubóknun.
3. Annar hugsanlegur kostnaður og skal greina á milli kostnaðar sem eigendur hlutdeildarskírteina eða hluta greiða og kostnaðar sem greiddur eru af eignum sjóðsins.

Viðskiptaupplýsingar:

1. Hvernig hlutdeildarskírteini eða hlutir eru keypt.
2. Hvernig hlutdeildarskírteini eða hlutir eru seld.
3. Þegar um er að ræða sjóð með aðgreindar deildir skal greina frá því hvernig unnt er að flytja sig úr einni deild í aðra og hvaða kostnaður fylgi því.
4. Hvenær og hvernig arði af hlutdeildarskírteinum eða hlutum er úthlutað, ef við á.
5. Hversu oft, hvenær og hvernig gengi er birt eða gert opinbert.

Viðbótarupplýsingar:

1. Ábending um að unnt sé að fá útboðslýsingu, ársreikning og hlutaársreikning án endurgjalds, fyrir og eftir samningsgerð, sé þess óskað.
2. Lögbært yfirvald sjóðsins.
3. Ábending um tengilið þar sem fá má frekari skýringar ef þörf krefur.
4. Útgáfudagur útboðslýsingar.

22. gr.

Form útboðslýsingar.

Bæði útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu geta verið skriflegt skjal eða á varanlegum miðli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

23. gr.

Kynning og uppfærsla útboðslýsingar.

Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skulu send Fjármálaeftirlitinu. Verði breytingar á efnisatriðum útboðslýsingar eða útdráttar úr útboðslýsingu skulu þær sendar Fjármálaeftirlitinu og kynntar eigendum hlutdeildarskírteina eða hluta með opinberum hætti.

Helstu atriði útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu skulu að jafnaði endurnýjuð eigi sjaldnar en árlega.

VIII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

24. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 18. gr., 28. gr., 46. gr., 47. gr. og 67. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 550/1989, um varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs, reglugerð nr. 362/1993, um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs, með síðari breytingum, reglugerð nr. 369/1993, um starfsemi og markaðssetningu erlendra verðbréfasjóða á Íslandi, reglur nr. 695/2001, um ársreikninga verðbréfasjóða, reglur nr. 686/2001, um útboðslýsingar verðbréfasjóða og reglur nr. 331/2003, um vísitölusjóði.

Verðbréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem reglugerð þessi tekur til og þegar bjóða fram þjónustu sína hér á landi skulu fullnægja ákvæðum V. kafla eigi síðar en 1. janúar 2004.

Viðskiptaráðuneytinu, 20. október 2003.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Benedikt Árnason.

AUGLÝSING**um deiliskipulag í Stykkishólmi.**

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir miðbæ Stykkishólms. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 31. október 2003.

Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um brottfellingu reglugerðar nr. 655/1994 um framkvæmd almannatryggingalaga.

1. gr.

Eftirtalin reglugerð er felld brott:

Reglugerð um framkvæmd almannatryggingalaga nr. 655/1994.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. október 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag vinnubúða við Kárahnjúka á Norður-Héraði.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Norður-Héraðs á fundi sem haldinn var 2. september 2003 samþykkt deiliskipulag vinnubúða við Kárahnjúka. Deiliskipulagssvæðið er 200 ha að stærð og er innan við Fremri Kárahnjúk vestan við Jökulsá á Brú.

Tilheyrandi greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Brúarási, 13. október 2003.

Jónas Þor. Jóhannsson, sveitarstjóri Norður-Héraðs.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. nóvember 2003 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,40 kr. á lítra
Gasolía	0,66 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,35 kr. á kg
Flugvélabensín	0,75 kr. á lítra
Flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olúvара skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olú í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olúvара.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 22. október 2003.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. nóvember 2003 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík	kr.	40,56 pr.m ³
b) Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd	kr.	60,00 pr.m ³
c) Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar	kr.	16,22 pr.m ³
d) Mælagjald	kr.	14,57 pr. dag
e) Lokunargjald	kr.	2.786,00

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m³ á ári er veittur 30% afsláttur af gjaldskrá af því magni sem umfram er 25.000 m³ á hvern mæli á Dalvík. Vegna hærra hitastigs á heita vatninu á Árskógsströnd er sambærilegt magn þar 17.000 m³.

3. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr.	141.693
og á m ³ þar yfir	kr.	178,30
og á m fram yfir 50 m	kr.	3.090

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimæðagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti: Mjólkurhús/fjós greiðir lágmarksgjald kr. 141.693

Fyrir hesthús að 700 m³ skal greiða lágmarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr., reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks heimæðagjaldi hitaveitunnar.

4. gr.

Heimæðagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2003, 285,9 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 2.786.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 900, 18. desember 2002.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. október 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um endurskoðað deiliskipulag frístundabyggðar – sumarhúsa- og skógræktarlóða – í landi Steðja í Hörgárbyggð.

Deiliskipulagið er um 30 ha að stærð og þar er gert ráð fyrir 31 lóð fyrir frístundahús af stærðinni 35-80 m² og 12 skógræktarlóðum.

Deiliskipulagið hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Hörgárbyggðar.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi skipulag af sama svæði sem samþykkt var 12. júlí 1996.

Hörgárbyggð, 15. október 2003.

Helga A. Erlingsdóttir, sveitarstjóri Hörgárbyggðar.

REGLUR

um breytingu (17) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Töluliður 2.1 í upptalningu lærdómstítla í 1. mgr. 54. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Meistarapróf, Magister artium, Magister scientiarum, Magister paedagogiae, Master of Public Administration, Master of Laws og Master of Social Work, M.A./M.S./M.Paed./MPA/LL.M./MSW, 2 ár að jafnaði að loknu B.A./B.S. eða sambærilegu námi, eða samkvæmt því sem nánar er tilgreint í sérreglum deildar um námið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. reglnanna, sbr. 2. gr. reglna nr. 323/2003:

1. Ákvæði 2. másl. 4. mgr. 92. gr. breytist og verður svohljóðandi: Sjúkra- og upptöku-próf í inngangi að lögfræði og almennri lögfræði skulu eingöngu haldin á vorpróftímabili, en ekki á sumarpróftímabili.
2. Ákvæði 1. másl. 5. mgr. 92. gr. breytist og verður svohljóðandi: Til að standast próf í B.A.-námi í lögfræði verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 6,0 í öllum námsgreinum hverri um sig.

3. gr.

Við 114. gr. reglnanna, sem fjallar um kennslugreinar, prófgráður og námseiningar í félagsvísindadeild, bætist ný málsgrein, sem verður 13. mgr., svohljóðandi:

MSW (Master of Social Work) er 45 eininga meistaranám í félagsráðgjöf á sviði fjölskyldufélagsráðgjafar. Miðað er við að námið samanstandi af 30 einingum í námskeiðum og 15 eininga lokaritgerð.

4. gr.

Við 6. mgr. ákvæða til bráðabirgða bætast tveir nýir málsliðir svohljóðandi:

Breyting á lágmarkseinkunn í námsgreinunum almennri lögfræði, inngangi að lögfræði og ágrípi af réttarsögu við lagadeild í 6,0 tekur gildi frá og með haustmíssi 2003. Ef stúdent hefur ekki hlotið einkunnina 7,0 í þessum greinum áður hverri um sig, verður hann að þreyta próf að nýju til að standast próf í þeim.

5. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 10. október 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag Niðurskóga í landi Húsafells III, Borgarfjarðarsveit.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fyrir hönd hreppsnefndar, 9. október 2003.

Linda Björk Pálsdóttir, skrifstofustjóri Borgarfjarðarsveitar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag skálasvæðis við Arnarvatn stóra, Húnaþingi vestra.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra á fundi sínum þann 30. janúar 2003 samþykkt deiliskipulag skálasvæðis við Arnarvatn stóra, Húnaþingi vestra.

Deiliskipulagið gerir grein fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu þjónustusvæðis við Arnarvatn stóra. Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 13. október 2003.

F.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra,

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57 5. febrúar 1992.

1. gr.

Í stað orðanna „Búðahreppur“ og „Stöðvarhreppur“ í 17. tölulið 1. gr., sbr. reglugerð nr. 500 16. september 1996, sbr. reglugerð nr. 102 23. janúar 2001, komi: Austurbyggð.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 11. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. október 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

1. gr.

Nafn og lögheimili.

Sjóðurinn heitir Landbótasjóður Norður-Héraðs. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Lögheimili Landbótasjóðs Norður-Héraðs er að Brúarási á Norður-Héraði.

2. gr.

Stofnandi.

Sjóðurinn er stofnaður af sveitarfélaginu Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar skv. samningi sveitarfélagsins og Landsvirkjunar dags. 10. september 2002 um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er framlag Norður-Héraðs vegna framlags Landsvirkjunar skv. 3. gr. fyrrgreinds samnings, alls kr. 200.000.000 – krónur tvö hundruð milljónir 00/100. Stofnfé sjóðsins greiðir Norður-Hérað með eftirfarandi hætti:

Þann 1. júní 2003 kr. 70.000.000 að viðbættum kr. 4.000.000, alls	kr.	74.000.000
Þann 1. júní 2004 kr. 70.000.000 að viðbættum kr. 4.000.000, alls	kr.	74.000.000
Síðan þann 1. júní ár hvert kr. 4.000.000 til og með 1. júní 2017 alls	<u>kr.</u>	<u>52.000.000</u>
Samtals	kr.	200.000.000

Fjárhæðir eru bundnar vísitölu byggingarkostnaðar miðað við septembermánuð 2002.

4. gr.

Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

- I. Framlag Landsvirkjunar til Norður-Héraðs skv. samningi 10. september 2002.
- II. Frjáls framlög einstaklinga og lögaðila.
- III. Vextir og arður af eigin fé.

5. gr.

Markmið.

Verksvið sjóðsins er að standa undir kostnaði af landgræðslu og gróðurvernd innan núverandi marka sveitarfélagsins Norður-Héraðs ofan 200 m hæðarlínu yfir sjó, nema þar sem ræktaðar verða upp áreyrar Jökulsár á Dal. Verði mörkum sveitarfélagsins Norður-Héraðs breytt, eða það sameinað öðrum sveitarfélögum skal það ekki breyta starfssvæði Landgræðslusjóðs Norður-Héraðs. Meginmarkmið sjóðsins er að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapast undir Háslón við gerð Kárahnjúkavirkjunar. Skal sjóðurinn jöfnum höndum vinna að landgræðslu með því að sá í örfoka land, græða rofabörð, græða upp áreyrar Jökulsár á Dal og með því að styðja gróður sem fyrir er í landinu með áburðargjöf með það að markmiði að sá gróður verði sem mest sjálfbær. Auk þess að vinna að verndun og friðun landsvæða t.d. með lagningu göngustíga þar sem það á við.

6. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara, skipuðum af sveitarstjórn til fjögurra ára í senn og skulu tveir af þremur stjórnar- og vara-
stjórnarmönnum vera búsettir eða vera eigendur lands á vatnasvæði Jökulsár á Dal. Skal
stjórnin skipuð á fyrsta fundi sveitarstjórnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Sveitar-
stjórn skipar formann sjóðstjórnar.

7. gr.

Ársreikningar.

Sjóðstjórnin skal leggja starfsskýrslu sína og ársreikninga sjóðsins fyrir sveitarstjórn
vegna næstliðins árs í síðasta lagi fjórum vikum fyrir afgreiðslu ársreikninga sveitarfélags-
ins í sveitarstjórn. Reikningarnir skulu staðfestir af löggiltum endurskoðanda og sendir rík-
isendurskoðun ásamt starfsskýrslu sjóðsins fyrir næstliðið ár eigi síðar en þann 30. júní ár
hvert.

8. gr.

Fjárvarsla.

Sjóðstjórnin sér um varðveislu eigna og ávöxtun á fé sjóðsins. Óheimilt er að nýta tekjur
eða eignir sjóðsins til annarra verkefna en landgræðsluverkefna í samræmi við tilgang og
markmið sjóðsins. Sjóðnum er ekki heimilt að veita lán af eigin fé sínu. Sjóðstjórnin skal
leitast við að tryggja sem besta ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma án þess að stofna fé hans
í hættu og gæta þess að eignir skili eðlilegum arði. Stjórn sjóðsins er heimilt að skerða eigið
fé sjóðsins við úthlutun úr honum um allt að 2,5% árlega, þannig að sjóðurinn eyðist upp á
40 árum.

9. gr.

Úthlutun úr Landbótasjóði Norður-Héraðs.

Sjóðstjórn setur nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum í samræmi við markmið hans og
með tilliti til ákvæða 5. gr. og 8. gr. Sjóðurinn skal standa straum af öllum beinum kostnaði
við landgræðslu á hans vegum skv. tilgangi sjóðsins, auk þess sem sjóðurinn má kosta rann-
sóknir sem nauðsynlegar eru að mati sjóðstjórnar vegna uppgræðslustarfsins. Sjóðstjórn er
heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5%
af eigin fé hans.

10. gr.

Ráðgjafarnefnd.

Í samræmi við ákvæði í 3. gr. í samningi Landsvirkjunar og sveitarfélagsins Norður-
Héraðs frá 10. september 2002 skal starfa þriggja manna ráðgjafarnefnd skipuð einum full-
trúa Norður-Héraðs, einum fulltrúa Landsvirkjunar og einum fulltrúa Landgræðslunnar er
skal vera sjóðstjórninni til ráðuneytis og leggja fyrir hana tillögur sínar að landgræðsluverk-
efnum. Drög að starfslýsingu ráðgjafarnefndarinnar liggur fyrir í bréfi Landsvirkjunar til
Norður-Héraðs dags. 3. maí 2002. Mun ráðgjafarnefndin vinna landgræðsluáætlun til lengri
tíma fyrir sjóðstjórn en auk þess leggja árlega fram tillögur að verkáætlun hvers komandi
árs ásamt rökstuddri kostnaðaráætlun. Ráðgjafarnefndin mun auk þess í lok hvers árs gera
sjóðstjórninni grein fyrir framgangi verkefna og hvort markmiðum sjóðsins hefur verið náð.

Verði árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins ekki öllu varið skv. framanskráðu skal heimilt að
leggja afganginn við framlag næsta árs.

11. gr.
Rekstur.

Sjóðstjórnin skal fyrir hvert ár gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn og leggja hana fyrir sveitarstjórn til kynningar. Rekstrarkostnaður Landbótasjóðs Norður-Héraðs greiðist úr sjóðnum.

12. gr.
Gerðabók.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók þar sem skráðar eru fundargerðir stjórnarfunda. Þar skal einnig skrá öll erindi er berast stjórn og með hvaða hætti þau eru afgreidd.

13. gr.
Skipulagsskrá.

Skipulagsskrá sjóðsins má því aðeins breyta að meirihluti sveitarstjórnar Norður-Héraðs sé því samþykkt. Leitað skal umsagnar ríkisendurskoðunar um breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi vegna Landbótasjóðs Norður-Héraðs var samþykkt í sveitarstjórn Norður-Héraðs þann 6. maí 2003.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. október 2003.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 637/2002.

1. gr.

55. grein samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kys fulltrúa í eftirtalin ráð, nefndir og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Fimm bæjarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Þeir aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.
2. *Fjölskylduráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
3. *Fræðsluráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
4. *Þjónustu- og þróunarráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Skipulags- og byggingaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.

6. *Bláfjallanefnd*. Einn maður samkvæmt auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum nr. 97/1973.
7. *Forvarnanefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara.
8. *Íþrótt- og tómstundanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
9. *Menningar- og ferðamálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
10. *Miðbæjarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
11. *Stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar*. Einn maður skv. 41. gr. reglugerðar um sjóðinn.
12. *Stjórn Hafnarborgar*, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar samkvæmt gjafabréfi frá 1. júlí 1983. Tveir fulltrúar, og þar af er bæjarstjóri sjálfkjörinn í stjórnina.
13. *Stjórn Reykjanesfólksvangs*. Einn maður samkvæmt auglýsingu um fólkvang á Reykjanesi nr. 520/1975.
14. *Stjórn Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs.* Einn aðalmaður og einn til vara og tveir menn í fulltrúaráð.
15. *Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.* Einn aðalmaður og einn til vara.
16. *Stjórn starfsmenntunarsjóðs*. Tveir menn samkvæmt ákvæði kjarasamnings við Starfsmannafélag Hafnarfjarðar frá 9. september 1980.
17. *Stjórn Strætó bs.* Einn aðalmaður og einn til vara.
18. *Stjórn vatnsveitu*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, sbr. reglugerð nr. 421/1992.
19. *Umhverfisnefnd/Staðardagskrá 21*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast þau verkefni sem gróðurverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og náttúruverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999.
20. *Stjórn fráveitu*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
21. *Stjórn fasteignafélags Hafnarfjarðar*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.
3. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994 og grein 2.2 í hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn nr. 375/1985.
4. *Heilbrigðisnefnd*. Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur, Garðabær og Kópavogsbær kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar kýs tvo aðalmenn og jafnmarga til vara.
5. *Lýðræðis- og jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
7. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
8. *Skólanefnd Flensborgarskóla*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
9. *Skólanefnd Iðnskóla Hafnarfjarðar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.

2. gr.

62. gr. verður svohljóðandi:
Nefndir sem heyra undir bæjarráð:
Lýðræðis- og jafnréttisnefnd.
Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.
Starfskjaranefnd vegna STH.
Stjórn fráveitu Hafnarfjarðar.
Stjórn fasteignafélags Hafnarfjarðar.

3. gr.

Í stað orðsins „forstöðumaður“ í 65. gr. samþykktarinnar kemur: sviðsstjóri.

4. gr.

Í stað orðanna „og menningarmál“ í 1. mgr. 67. gr. samþykktarinnar kemur: forvarnir samkvæmt lögum um lýðheilsustöð og heilbrigðismál, nr. 18/2003.

5. gr.

68. gr. verður svohljóðandi:
Nefndir sem heyra undir fjölskylduráð:
Barnaverndarnefnd.
Íþróttá- og tómsbundanefnd.
Forvarnanefnd.

6. gr.

74. gr. samþykktarinnar fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

7. gr.

Í stað orðsins „Bæjarverkfræðingur“ í 77. gr. (verður 76. gr.) kemur: Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs.

8. gr.

80. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Um þjónustu- og þróunarráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í þjónustu- og þróunarráð til eins árs og jafnmarga til vara.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn fulltrúa í þjónustu- og þróunarráð að tilnefna fulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Skyld er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

9. gr.

Í stað orðanna „Atvinnu- og þróunarráð“ í 82. gr. (verður 81. gr.) kemur: Þjónustu- og þróunarráð.

10. gr.

82. gr. verður svohljóðandi:
Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarráðs undirbýr ráðsfundi í samráði við formann. Hann sér um að þjónustu- og þróunarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt

dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

11. gr.

83. gr. verður svohljóðandi:

Formaður þjónustu- og þróunarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í þjónustu- og þróunarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

12. gr.

84. gr. verður svohljóðandi:

Þjónustu- og þróunarráð fer með upplýsingatækni og markaðsmál, menningar- og ferðamál og málefni miðbæjarins.

Þjónustu- og þróunarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið þjónustu- og þróunarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er heimilt að ákveða að fela öðrum aðilum en þjónustu- og þróunarráði afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Afgreiðslum slíkra mála má þó ætíð skjóta til þjónustu- og þróunarráðs eða bæjarstjórnar. Þjónustu- og þróunarráð setur nánari reglur um notkun slíkra heimilda og skulu þær staðfestar í bæjarstjórn.

13. gr.

85. gr. verður svohljóðandi:

Nefndir sem heyra undir þjónustu- og þróunarráð:

Menningar- og ferðamálanefnd.

Miðbæjarnefnd.

Stjórn Hafnarborgar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. október 2003.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Guðmundur Ómar Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um gerð og útbúnað smáfiskaskilju.

1. gr.

Smáfiskaskilja er útbúnaður, sem komið er fyrir í togveiðarfærum í þeim tilgangi að flokka fisk eftir stærð í vörpunni, þannig að smærri fiskur skiljist lifandi úr vörpunni. Smáfiskaskilja skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

2. gr.

Bil milli rimla í smáfiskaskiljum skal vera a.m.k. 55 mm. Þó getur ráðherra, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, heimilað notkun á skiljum með 50 mm rimlabili og meira við ýsuveiðar á tilteknum svæðum. Í viðaukum við reglugerð þessa skal birta hvaða gerðir smáfiskaskilja eru viðurkenndar og hvernig þeim skuli komið fyrir í vörpunni.

3. gr.

Ef togveiðar á ákveðnum svæðum eru í skyndilokunum eða reglugerðum, sem gefnar eru út með stöð í lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, bundnar því skilyrði, að varpan sé útbúin smáfiskaskilju, skal eingöngu nota þær gerðir skilja, sem ráðuneytið hefur viðurkennt og lýst er í viðauka með reglugerð þessari og með því rimlabili sem áskilið er.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga nr. 79/1997.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 1. nóvember 2003. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju ásamt viðaukum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. október 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

VIÐAUKI 1

Tegund skilju – SORT-X.

Lýsing á skilju.

SORT-X skilja er gerð úr þremur stálgrindum, tveimur með áskildu rimlabili sbr. 2. gr. og einni svokallaðri stoppgrind, sem er klædd með segldúk (PVC-dúk). Grindunum er komið fyrir í nethólki þar sem grindurnar eru saumaðar í hver á eftir annarri og koma í staðinn fyrir efra byrði nethólksins. Í nethólknem er grindunum komið fyrir aftast, þannig að framan við grindurnar er framlenging. SORT-X skiljan er sett í vörpuna milli belgs og poka.

Grindurnar eru úr ryðfríu stáli. Rimlar grindanna liggja samsíða belg vörpunnar. Aftasta grindin er klædd segldúk. Fremri jaðar miðgrindarinnar er festur við afturjaðar fremstu grindarinnar, og aftasta grindin síðan við miðgrindina. Við jaðra grindanna eru festar flotkúlur til að veða á móti þyngd skiljunnar í sjó. Til að tryggja að skiljan dragist klár eru keðjur frá fremra horni í aftara horn grindanna báðum megin. Á efra byrði belgsins er allt net ofan við grindurnar fjarlæggt til að hleypa fiski út.

Ísetning skilju.

Ísetning ef notuð er SORT-X skilja þar sem stærð grindanna er eftirfarandi:

Fremsta grind: 1500 x 1167 mm

Miðgrind: 1200 x 1167 mm

Aftasta grind: 1800 x 1167 mm

Mesta lengd stagkeðja skal vera: efri 436 cm (2 stk.), neðri 278 cm (2 stk.).

Sá hluti nethólksins, sem grindurnar eru festar í, er úr tvöföldu neti og er 114 upptökur að ummáli og 39,5 síður að lengd. Lágmarksmöskvastærð, miðað við innanmál, skal vera 135 mm.

Framan við þann hluta, sem grindurnar eru saumaðar í, skal vera 9,5 metra langur nethólkur úr tvöföldu neti. Þessi nethólkur er víðastur fremst og mjókkar síðan aftur að þeim hluta, sem grindurnar eru saumaðar í. Fremst er ummál nethólksins 154 upptökur en fer niður í 114 upptökur á 41,5 síðum. Síðan kemur 20,5 síðna hluti þar sem ummálið er 114 upptökur.

Ísetning ef notuð er SORT-X skilja þar sem stærð grindanna er eftirfarandi:

Fremsta grind: 1000 x 1167 mm

Miðgrind: 750 x 1167 mm

Aftasta grind: 1000 x 1167 mm

Mesta lengd stagkeðja skal vera: efri 269,5 cm (2 stk.), neðri 170 cm (2 stk.).

Notað er net með 135 mm möskvastærð að innanmáli.

Sá hluti nethólksins, sem grindurnar eru festar í, er úr tvöföldu neti og er 112 upptökur að ummáli og 26 síður að lengd.

Framan við þann hluta, sem grindurnar eru saumaðar í, skal vera 7,5 metra langur nethólkur úr einföldu neti. Þessi nethólkur er víðastur fremst og mjókkar síðan aftur að þeim hluta, sem grindurnar eru saumaðar í. Fremst er ummál nethólksins 144 upptökur en fer niður í 116 upptökur á 53,5 síðum.

VÍÐAUKI 2

Tegund skilju – SORT-V.

Lýsing á skilju.

SORT-V skilja er gerð úr einni stálgrind („einskiljukerfi“) með áskildu rimlabili sbr. 2. gr. Grindinni er komið fyrir í nethólki með lyftineti framan við grind og leiðarneti fyrir aftan. Framlenging er á milli belgs vörpunnar og nethólksins, þ.e. mátstykki sem skoríð er að hólknunum. SORT-V skiljan er sett í vörpuna milli belgs og poka.

Grindin er gerð úr ryðfríu stáli og eru rimlar hennar samsíða belg vörpunnar. Til þess að veða upp á móti þyngd skiljunnar í sjó eru festar 200 mm flotkúlur (17 stk.) á efri grindarbrún og netið umhverfis.

Ísetning skilju.

Grindin er 1750 x 1234 mm að stærð. Ytri mál eru stöðluð þannig að einfalt er að skipta um grindur með mismunandi rimlabili.

Nethólkurinn sem lyftinet, grind og leiðarnet er fest í er úr tvöföldu garni (6 mm). Hann er 60 möskva langur, með yfir- og undirbyrði sem eru 52 möskvar á upptökum. Möskvastærð er 135 mm að innanmáli.

Lyftinetið framan við grind er sniðið úr 3 mm garni með hámarksmöskvastærð 60 mm og undir fremri hluta þess eru 200 mm flotkúlur (5 stk.).

Leiðarnet aftan við grindina er 2800 mm langt úr 3 mm garni með sömu möskvastærð og lyftinetið en að hámarki 60 mm.

Til þess að viðhalda sama halla á skiljunni allan togtímann eða 28°- 29° skal festa stagkeðjur við skiljuna. Stagkeðjurnar skulu ekki vera lengri en 415 cm langar og eiga að liggja frá fremri hornum grindarinnar aftur að enda hliðarleysa nethólks skiljunnar.

VIÐAUKI 3**Tegund skilju – Mjúkskilja (Flexirist).****Lýsing á skilju.**

Skiljan er gerð úr tveimur grindum og tveimur leiðurum (leiðinet), sem komið er fyrir í sívölu skiljuneti á milli poka og belgs. Framhlið leiðinets er fest við afturenda á grindum (myndir 3 og 4). Afturendi leiðinets er festur við afturhluta á útskornu opi á viðkomandi byrði (mynd 4). Hliðar leiðinets eru festar við skiljunetið eins og sýnt er á mynd 3. Grindurnar eru gerðar úr svörtum nælonrimlum (polyamíð) og gúmmí. Framhluti grinda er festur í framenda á útskornu opi á hvoru byrði og í leiðinet að aftan. Miðja á hvorri grind skal fest í leisi. Grindur festast í hólk með bensli, dragböndum eða svipuðum hætti (mynd 3).

Setja má allt að þrjár flotkúlur, 8" (200 mm) í þvermál, á leisi á hvorri hlið skiljunetsins til að jafna flot skiljunnar í sjó.

Ekki er leyfilegt að festa slitmottu eða annað efni við undirbyrði á skiljunetið þar sem grindurnar eru staðsettar.


Uppsetning skilju.

- Grindurnar skulu vera settar upp eins og sýnt er á mynd 2. Lágmarkslengd grinda skal vera 1.500 mm (mælt á rimli) og lágmarksbreidd 955 mm (mælt á þverbandi). Þvermál á hverjum einstökum rimli skal vera að hámarki 20,5 mm. Bil milli rimla skal vera samkvæmt 2. gr.
- Skiljunetið sem grindur og leiðinet eru fest í skal vera með 135 mm möskvastærð að innanmáli og sett upp eins og sýnt er á mynd 1. Skiljunetið er sett saman af sívölum hluta sem er skorinn á síðu. Séu tengingar við vörpuna fleiri en 50 upptökur er skáskorinn hluti á báðum endum. Lengd skáskorna hlutans ræðst af skurði sem skal vera 1 síða og 1 leggur (1S1L) upp að þeim upptökufjölda sem óskað er. Þetta gerir lengd upp á 15 síður fyrir skáskorna hlutann miðað við 60 upptökur í byrði. Skiljunetið skal hafa ummálið 100 upptökur (2 x 50 upptökur/byrði) og lágmarkslengd upp á 75 síður.
- Leiðinetið skal sett upp eins og sýnt er á mynd 3. Möskvastærð í leiðineti skal vera að hámarki 60 mm. Breidd netsins skal vera 60 upptökur í strekktu neti, alls 3.600 mm. Í fram- og afturhluta leiðinetsins má setja lengingu til festingar við grind/skiljunet. Lengingin má vera upp að 2 síðum að lengd og upptökufjöldi sem hentar best (möskvastærðin


má ekki fara yfir 140 mm). Lengd á leiðineti, að meðtöldum lengingum, skal vera jöfn lengdar á strekktu neti á uppsetnum stað með 10% slaka. Netskurður á langhliðum leiðinets skal falla sem best að skiljunetinu.

- d) Skera skal stykki úr skiljunetinu í hvoru byrði eins og sýnt er á mynd 1. Allt net skal fjarlæg. Loks skal gert leisi með 2 upptökum á langhlið gluggans.


Skýringarmyndir við viðauka 3.




Mynd 1. Skýringarmynd á samsetningu skiljunets við belg og poka. Heimilt er að breyta skáskornum endum skiljunetsins í síðuskurð, ef viðkomandi belgur og poki eru með 50 upptökur í yfir- og undirbyrði.



Mynd 2. Stöðluð grind sem sett skal í skiljunet (með réttu rimlabili miðað við veiðisvæði).



Mynd 3. Staðsetning grinda og leiðineta í skiljunneti.



Mynd 4. Afstöðumynd sem sýnir útlit skiljunnar í notkun.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir framleiðslu á fljótandi áli og gjallsandi í ofn Als, álvinnslu ehf., kt. 590398-2099, að Stakksbraut 5 í Helguvík, Reykjanesbæ. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið tekur gildi þann 21. október 2003 og gildir til 1. október 2015.

Umhverfisstofnun, 23. október 2003.

Davíð Egilson forstjóri.

Gunnlaug Einarsdóttir, staðgengill forstöðumanns stjórnsýslusviðs.

